


Leið að eflingu lýðræðissamfélags



**Hvernig bæta má stjórnkerfi Íslands og virkja
almenning til ábyrgrar og stöðugrar
þátttöku í stjórn landsins**

Guðmundur Ágúst Sæmundsson

Lokaverkefni til BA prófs í Heimspeki Hagfræði og Stjórn málafræði

Leið að eflingu lýðræðissamfélags

Hvernig bæta má stjórnkerfi Íslands og virkja almenning til ábyrgrar og stöðugrar þátttöku í stjórn landsins


Höfundur: Guðmundur Ágúst Sæmundsson

Leiðbeinandi: Birgir Hermannsson

Sumarönn 2007

Háskólinn á Bifröst

Leið að eflingu lýðræðissamfélags

Creative Commons  Guðmundur Ágúst Sæmundsson 2007

Vefslóð: <http://www.hugveitan.is>

Netfang: hugveitan@hugveitan.is

Ritgerð þessari er deilt samkvæmt skilmálum [Creative Commons Attribution-Noncommercial 3.0 Unported License](https://creativecommons.org/licenses/by-nc/3.0/). Henni má deila með öllum hugsanlegum leiðum sem ekki eru í hagnaðarskyni, að hluta eða í heild, og þess aðeins vænst að heimilda sé getið.

Ágrip

Í þessari ritgerð er að finna tillögur að því hvernig bæta má stjórnkerfi Íslands og virkja almenning til ábyrgrar og stöðugar þátttöku í stjórn landsins. Byrjað er á því að fjalla almennt um lýðræði og settar fram hugleiðingar varðandi: hvað þurfi til svo að hægt sé að tala um sannkallað lýðræði, hvað sé lýðræðislegt stjórnkerfi og hvað einkenni samfélag sem að kallast getur lýðræðissamfélag. Í framhaldi af því er svo sett fram hugmynd að vefhugbúnaði sem hugsaður er sem tækifæri fyrir fólk til stöðugar og ábyrgrar þátttöku í stjórn landsins. Þessi hugbúnaður er kallaður Hugveitan og er helsta tillagan sem hér kemur fram um hvernig bæta megi stjórnkerfi Íslands. Með henni eru möguleikar internetsins til öflugrar samvinnu, óháð stað og óháð tíma, nýttir til þess að gefa almenningi betra tækifæri á að koma að ákvarðanaferlum í samfélaginu. Þar getur fólk til dæmis komið á framfæri hugmyndum, fullunnið þær í samvinnu við aðra og komið þeim inn á borð ráðamanna til endanlegrar ákvarðanatöku.

Ekki er tekið á málefnum sem varða núverandi stjórnskipun í þessari ritgerð að öðru leyti en því að lögð er til ný aðferð við breytingar á stjórnarskrá. Sú aðferð á að tryggja að hægt sé að tala um raunverulegt eða sannkallað lýðræði á Íslandi. Aðrar tillögur falla undir að vera viðbót við núverandi stjórnkerfi og aðlaganir því tengdar.

Athugasemdir í ljósi þjóðfélagsbreytinga

Á Austurvelli er öskrað „Vanhæf ríkisstjórn! Vanhæf ríkisstjórn!“ Sófapreyttir Íslendingar sem sjaldan láta á neinu bera þramma nú niður í bæ sem aldrei fyrr og reyna að túlka, hver með sínum hætti, þá gremju og óvissu sem fengið hefur fleiri og fleiri til að gæla við áður óhugsandi hugmynd: byltingu!

Öðruvísi mér áður brá.

Sumarið 2007 þegar ég lagði lokahönd á þessa ritgerð var fátt sem benti til annars en að þær hugmyndir sem hér eru settar fram kæmust seint og illa í framkvæmd – ef nokkurn tíma. Það var þá. Nú er ég fullviss um að grundvöllur hafi skapast fyrir að þetta geti, í öllum meginatriðum, orðið að veruleika.

Ritgerðin var skrifuð með hliðsjón af því ástandi sem var. Á þeim tíma lagði ég mikla áherslu á að lítið þyrfti að hrófla við kerfinu sem fyrir er. Meginframlag ritgerðarinnar er því sett fram sem hrein viðbót við það og lítið á allar frekari breytingar á stjórnskipun og kosningakerfi sem sjálfstæðar ákvarðanir og lítið um þær fjallað. Sá eiginleiki að geta tekið hugbúnaðinn sem hér er lýst í notkun án frekari breytinga er ennþá fullgildur en andinn í þjóðfélaginu virðist mér vera orðinn sá að hægt sé að gera sér vonir um mun róttækari breytingar á skemmri tíma en áður. Slíkar breytingar sé ég fyrir mér að hugbúnaðurinn styðji vel við bakið á og fjölgi einnig þeim möguleikum sem hægt er að hugsa sér í því sambandi. Dæmi um breytingar sem hugbúnaðurinn mundi auðvelda útfærslu á gætu til að mynda verið (1) persónukosningar, (2) endurskoðun á stjórnarskrá og (3) að mótaður verði rammasáttmáli af almenningi sem síðan yrði grunnurinn að stefnu þingstarfa og stjórnarsáttmála ríkisstjórnar á hverjum tíma, m.ö.o. að kosið verði um stefnu annars vegar og fulltrúa hins vegar líkt og gerist innan flokka í prófkjörum og á flokksþingum. Fleira en þetta mætti nefna því möguleikarnir eru margir.

Lykilatriðið í þessu öllu er að með hugbúnaðinum yrði almenningi gert kleift að koma að stjórn landsins með þýðingamiklum, markvissum og skilvirkum hætti, allan sólarhringinn, allan ársins hring. Ekkert er undanskilið, ekki einu sinni breytingar á hugbúnaðinum sjálfum. Hann mun þróast áfram eftir því sem reynsla af honum eykst og það mun gerast eftir ábendingum frá notendum og með vinnuframlagi þeirra sem hafa áhuga og kunnáttu til verka.

Þegar öllu er á botninn hvolft er hér að finna hugmynd sem fyrst og fremst er ætlað að ryðja öðrum hugmyndum braut.

Það úrræði eitt að öskra á Austurvelli er rýrt hlutskipti fyrir almenning. Það er myndbirting gremju og úrræðaleysis sem stafar af því að þátttökuleiðir almennings í íslenskum stjórnámálum eru, og hafa verið, órökréttar og varðaðar óþarfa hindrunum. Á skömmum tíma má ráða bót á þessu og veita þeim krafti sem býr í þjóðinni inn á uppbyggilegri brautir. Það er gert með því að ráðast í smíði Hugveitunnar – hugbúnaðarins sem lýst er í þessari ritgerð – og innleiða hana í íslenska stjórnskipun.

22. janúar 2009
Guðmundur Ágúst Sæmundsson

Formáli

Verkefni þetta er lokaritgerð til BA prófs í Heimspeki Hagfræði og Stjórn málafræði við Háskólann á Bifröst. Verkefnið er á sviði stjórnmálaheimspeki og kemur inn á ýmis klassísk vandamál sem fengist er við í þeim fræðum. Hugmyndin að viðfangsefni þessu er nokkurra ára gömul en hefur þróast mikið hjá mér á undanförunum tveimur árum, á meðan á námi mínu á Bifröst hefur staðið. Um nokkurra ára skeið hefur mér fundist ég greina ákveðna óánægju í samfélaginu með ríkjandi stjórnkerfi á Íslandi og ekki laust við að ég hafi verið nokkuð ósáttur sjálfur. Hér er ég ekki að vísa til einstaklinga eða einstakra flokka heldur þeirra úrræða sem fyrir hendi eru til þess að hafa áhrif á mál. Mér hefur þótt ég heyra afbragðshugmyndir um hin ýmsu mál úr öllum áttum í þjóðfélaginu, en það eru yfirleitt hugmyndir sem ég heyri síðan ekkert meir af. Af þessari tilfinningu, þörf minni á að gera eitthvað í málunum, og reynslu minni af hugbúnaðargerð sprettur svo upphaflega sú hugmynd að vefhugbúnaði sem er meginframlag þessa verkefnis.

Leiðbeinandi minn við þessi skrif var Birgir Hermannsson, Ph.D., og kann ég honum bestu þakkir fyrir gott samstarf og nytsamlegar ábendingar. Einnig vil ég þakka Sigríði Dóru Gísladóttur, B.Ed. og MA í blaða- og fréttamennsku, fyrir yfirlestur handrits. Allar villur sem að fyrir kunna að finnast eru á mína ábyrgð og hafa þá að öllum líkindum slæðst inn eftir yfirlestur hennar.

8. ágúst 2007
Guðmundur Ágúst Sæmundsson

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	1
HLUTI I:	LÝÐRÆÐI.....	3
2	GRUNNUR AÐ LÝÐRÆÐI.....	4
3	LÝÐRÆÐISLEGT STJÓRNKERFI.....	7
4	HVAÐAN KEMUR LÝÐRÆÐIÐ OG HVERJUM ER ÞAÐ ÆTLAÐ?.....	9
5	LÝÐRÆÐISSAMFÉLAG.....	12
HLUTI II:	HUGVEITAN - SAMSTARFSVETTIVANGUR ÞJÓÐARINNAR.....	22
6	VEFKERFIÐ HUGVEITAN.....	23
6.1	EIGINLEIKAR OG VIRKNI.....	23
6.2	VINNUFERLIN.....	27
6.2.1	<i>Virkjun hugmynda.....</i>	<i>27</i>
6.2.2	<i>Fyrirspurnir.....</i>	<i>36</i>
6.3	PERSÓNUVERND, ÖRYGGISMÁL OG AÐGENGI HUGVEITUNNAR.....	37
HLUTI III:	HUGVEITAN OG LÝÐRÆÐISSAMFÉLAGIÐ.....	40
7	AFLEIÐINGAR OG FREKARI BREYTINGAR.....	41
8	NIDURSTÖÐUR.....	44
9	LOKAORÐ.....	46
	HEIMILDASKRÁ.....	47

„Unnið verði að einföldun og nútímavæðingu
stjórnsýslunnar, aukinni notkun á
upplýsingatækni til að bæta opinbera
þjónustu, auka skilvirkni og einfalda
samskipti milli almennings og stjórnvalda.“

– Úr stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar
Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007

1 Inngangur

Árið 1944 öðluðust Íslendingar fullt sjálfstæði frá Dönnum og stofnað var lýðveldið Ísland. Á þeim tíma urðu Íslendingar að gera upp við sig hvernig landinu skyldi stjórnað og ákveða reglur um stjórnskipun þess. Svo fór að stjórnarskrá landsins varð að stofni til þýðing á þeirri dönsku og síðan þá hefur í raun aldrei farið fram nein almenn umræða á Íslandi um grundvallaratriði lýðræðislegrar stjórnskipunar.¹ Margt hefur þó breyst í íslensku þjóðfélagi á þessum tíma og vinnuhættir í flestum greinum hafa tekið byltingarkenndum framförum, nú síðast með tilkomu almennrar notkunar á tölvum og interneti. Þrátt fyrir það hefur mikill stöðugleiki ríkt um stjórnskipun landsins og er það í flestu tilliti mikill kostur, meðan ekki er um stöðnun að ræða. Vinnulag innan stjórnkerfisins hefur vissulega breyst eins og á öðrum vinnustöðum en aðkoma fólks að stjórnun ríkisins hefur lítið breyst. Þjónusta þess hefur batnað mikið og nú er hægt að sinna mörgum af sínum erindum úr stofunni heima hjá sér, sbr. skil á skattaskýrslu, ýmsar umsóknir og fleira. Það sama er hins vegar ekki hægt að segja um ákvarðanatökurnar sem slíkar þó svo að smá tilraunastarfsemi hafi reyndar átt sér stað nokkrum sinnum hvað varðar beinar íbúakosningar um einstök mál.

Ýmsir hafa séð fyrir sér að hægt verði að kjósa um hin fjölbreyttustu mál heiman úr stofu með hjálp internetsins, rétt eins og hægt er að sækja með því þjónustu. Enn sem komið er hefur það þó ekki ræst og ýmis ljón eru í veginum. Það sem er þó mikilvægara er það að notagildi internetsins til ákvarðanatöku í samfélaginu er ekki endilega best nýtt með því að enginn þurfi að fara að heiman til þess að kjósa. Internetið er fyrst og fremst gagnvirkur samskiptamiðill sem að tengir fólk saman úr öllum áttum án þess að nokkur eiginleg miðstöð sé til staðar heldur einmitt net, án upphafs og án enda. Með því hafa opnast áður óþekktir möguleikar til fjöldafrunda og skoðanaskipta, eins og spjallþræðir og blogg bera ljóst vitni um. Þessi dæmi eru þó aðeins sýnishorn miðað við það sem hægt er að gera. Alls kyns sérhæfðar lausnir sem að þjóna þörfum fyrirtækja og félagasamtaka hafa verið þróaðar sem veflausnir og möguleikarnir virðast takmarkast af hugmyndafluginu einu saman. Sem dæmi eru þjónustusíður bankanna nú orðnar að fullkomnum og aðgengilegum forritum en eru viðmótslega séð þó aðeins vefsíður. Í þessum fordæmum má sjá tilefni til þess að huga að því hvort að ekki megi nýta þessa sömu tækni til þess að skapa almenningi aukna og markvissari aðkomu að stjórnun ríkisins.

¹ Gunnar Helgi Kristinsson. (1994). Bls. 28.

Spurningin sem ætlunin er að svara í þessari ritgerð er: „Hvernig má bæta stjórnkerfi Íslands og virkja almenning til ábyrgrar og stöðugar þátttöku í stjórn landsins?“ Til þess að svara henni reyni ég í fyrsta hluta ritgerðarinnar að leggja grunninn að því hvað gott stjórnkerfi er og hvers vegna það er mikilvægt. Þar set ég fram það sem ég tel frumskilyrði þess að hægt sé að tala um sannkallað lýðræði og held svo áfram til þess að lýsa því hvernig stjórnkerfi geta verið misjafnlega lýðræðisleg og hvaða eiginleika sé þá rétt að nálgast. Í öðrum hluta kemur lýsing á vefhugbúnaði sem hugsaður er til þess að skapa raunhæfa aðkomu fyrir almenning til ábyrgrar og stöðugar þátttöku í stjórn landsins og bæta stjórnkerfið á þann hátt. Sú leið er í samræmi við þá sýn á lýðræðið sem lýst er í fyrsta hluta en tekur einnig mið af möguleikum internetsins og núverandi skipulagi íslenska stjórnkerfisins. Í þriðja hluta koma því næst örfáar hugleiðingar um þau áhrif sem vefhugbúnaður sem þessi gæti haft á íslenskt samfélag og að lokum er efni ritgerðarinnar dregið saman í niðurstöður.

Að ætla sér að svara endanlega hvernig bæta megi stjórnkerfi Íslands er ógerningur í ritgerð sem þessari. Hér vonast ég þó til að finna megi ýmsa góða punkta, bæði hvað varðar það hvernig hugsa ber um lýðræðið og hvernig gera megi afskipti af málefnum samfélagsins jafn einföld og notkun á heimabanka og jafn áhrifarík og gæði og framsetning hugmynda hvers og eins gefur tilefni til. Umfram allt tel ég hér vera að finna raunhæfa leið til þess að bæta til muna stjórnkerfi Íslands með lausn sem að virkjar almenning til ábyrgrar og stöðugar þátttöku í stjórn landsins. Þetta er þó aðeins byrjunin. Hér er ég að kasta upp bolta fyrir hvern sem vill til þess að grípa, laga og bæta. Stjórnun samfélagsins er viðvarandi verkefni okkar allra.

Hluti I: Lýðræði

2 Grunnur að lýðræði

Hugtakið lýðræði má skilja eftir orðanna hljóðan sem stjórn fólksins, þ.e.a.s. lýðurinn ræður.² Það er þó ljóst að ýmislegt sem orðið lýðræði er notað yfir í daglegu tali uppfyllir ekki bókstaflegan skilning þessarar skilgreiningar. Þetta á við bæði um nærtæk og fjarlæg dæmi, eins og skýrist betur síðar. Það er orðið svo að flestir sem halda um stjórnartauma víðsvegar um heiminn, og vilja rökstyðja réttmæti stöðu sinnar, virðast núorðið vilja vísa á einn eða annan hátt til lýðræðis, hvort svo sem við samþykki það sem lýðræði eða ekki. Þessi tilhneiging er alls ekki gömul því að á 19. öldinni og vel fram á þá tuttugustu – á mestu mótunarárum lýðræðisfyrirkomulagsins á Vesturlöndum – þótti lýðræði³ alls ekki skynsamleg hugmynd og ekkert til þess að kenna sig við.⁴ Það fór enda svo að fyrirkomulag hins frjálslynda fulltrúalýðræðis sem ríkir á Vesturlöndum í dag á lítið skylt við klassískt lýðræði – sem var sá skilningur sem menn lögðu í orðið þá – og menn hafa gengið svo langt að segja að “... það eina sem bandaríska lýðveldið [hafi átt] í upphafi sameiginlegt með því gríska [hafi verið] að útiloka þann meirihluta almennings sem voru konur eða þrælar frá almennum borgararéttindum.”⁵ Þetta er vissulega nokkuð nöpur sýn á upphaf lýðræðisþróunar Vesturlanda en minnir okkur þó á að miklar framfarir hafa orðið frá fyrstu gerð og ástæðulaust annað en að vera opin fyrir því að enn megi gera betur.

Við þekkjum öll fréttir af kosningum úti í heimi á stöðum þar sem lýðræðið virðist nokkuð frumstætt á okkar mælikvarða og stundum þykir jafnvel skína í gegn að ekki sé það sem við mundum kalla *raunverulegt* lýðræði þar á ferð heldur séu úrslitin svo að segja ákveðin fyrirfram vegna spillingar. Við slíkar aðstæður er ljóst að það er ekki lýðurinn sem ræður heldur er það viss klíka sem að heldur um alla stjórnartauma. Þrátt fyrir að lýðræði á Vesturlöndum sé almennt ekki talið þessu marki brennt þá eru strangt til tekið nokkuð óljós tengslin við það skilyrði að lýðurinn ráði. Það er í það minnsta ljóst að almenningur kemur ekki að öllum ákvörðunum þó svo að með einhverjum hætti ráði hann hvaða fulltrúar komi að þeim. Fyrir því mætti færa rök að það hvernig vali fulltrúanna er háttað og það hvort og þá hvernig

² Þar sem íslenska þýðingin á orðinu *democracy* er algerlega bein er óþarfi að fara út í uppruna enska orðsins.

³ Á þeim tíma var skilningur fólks á hugtakinu bókstaflegri. Í dag yrðum við að nota *beint* lýðræði eða *klassískt* lýðræði til þess að vísa örugglega til þess skilnings á orðinu.

⁴ Stromberg. (1994).

⁵ Vísað til í Jón Ormur Halldórsson. (2004). Bls. 64.

almennigur getur kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál geti skorið úr um það hversu lýðræðislegt stjórnkerfið er. Sé annað sambærilegt þá er hægt að ímynda sér röðun á stjórnkerfum eftir kvarða með þessi viðmið, frá því kerfi þar sem stjórn fólksins er skilvirkust⁶ til þess þar sem hún er óskilvirkust. Það er þó annað frumskilyrði sem að ég tel að koma þurfi á undan, áður en hægt er að tala um sannkallað⁷ lýðræði fyrir höfuð. Þegar það skilyrði hefur verið uppfyllt getur lýðurinn hannað það stjórnkerfi sem best kemur út á þessum skala.

Þetta frumskilyrði lýðræðis er að mínum dómi það að lýðurinn geti að eigin frumkvæði breytt sjálfu stjórnskipulaginu með friðsamlegri ákvörðunartöku. Í praktískum skilningi mætti því segja að skilyrðið sé að borgarar ríkisins geti kallað eftir breytingum á stjórnarskrá – eða því sem sambærilegt er við hana þar sem hún er ekki til staðar – og skorið úr um hvort sú breyting nái fram að ganga, án þess að ríkjandi stjórnvöld hafi yfir að ráða lögmatum aðferðum sem komið geta í veg fyrir það. Þar að auki, til þess að liðka fyrir breytingum,⁸ má svo hafa áfram þá leið að Alþingi geti lagt til breytingar, að eigin frumkvæði eða vegna ábendinga einhvers hóps manna, en í stað þess að tvö þing þurfi til að samþykkja væri hún send beint til þjóðaratkvæðagreiðslu. Samþykkt Alþingis gengi því í raun út á að heimila að gengið sé beint til þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að þjóðin þurfi að fara í gegnum það ferli að kalla eftir henni sjálf. Á endanum er það alltaf almenningur sem tekur ákvörðunina, sem er eðlilegt í ljósi þess að þetta er grunnskjál um uppbyggingu ríkisins og á sem slíkt að vera undir beinni og sameiginlegri stjórn lýðsins en ekki hluta hans. Með því er lýðræði tryggt vegna þess að þá ræður lýðurinn öllu sem hægt er að ráða, líka því hverju hann vill geta skipt sér af og eftir hvaða leiðum.

Þar sem að öllum stundum er opið fyrir að breyta þessu skjali með friðsamlegri ákvarðanatöku, þá má líta svo á að samkomulag ríki um það kerfi sem er hverju sinni. Sé slíkt samkomulag ekki til staðar getur á hverjum tíma komið fram breytingartillaga og ef meiri samstaða er um hana þá nær hún fram að ganga. Þrátt

⁶ Skilvirkust í þeim skilningi að lýðurinn geti komið að öllum þeim málum sem hann vill og niðurstaða ákvörðunar hans endurspeglar vilja hans sem best. Sem dæmi getur verið mjög mismunandi hversu vel kosningakerfi nema samanlagðan vilja kjósenda um hvaða persónur skuli vera fulltrúar þeirra.

⁷ Það sem ég á við með *sannkallað* lýðræði er að þrátt fyrir að almennri orðnotkun sé breytt þannig að hugtakið lýðræði nái yfir fleiri stjórnarform – rétt eins og málvenja er að það nái yfir fulltrúalýðræði í dag – þá er sannkallað lýðræði það stjórnarform sem uppfyllir það skilyrði að geta kallast *stjórn fólksins*.

⁸ Liðka fyrir vegna þess að eftir hinni leiðinni þyrfti væntanlega að safna miklum fjölda undirskrifta, eða eitthvað sambærilegt, til þess að boða til kosninganna um breytingar sem að þó væri í raun vitað að góð samstaða væri um.

fyrir að ekki sé megn óánægja með stjórnkerfið eins og það er í stórum dráttum á Íslandi í dag þá er samt ekki með sama hætti hægt að segja að samkomulag ríki um það fyrirkomulag því að leiðin til þess að breyta því er vörðuð alls kyns öðrum hagsmunum en þeim sem til álita ættu að koma við stjórnarskrárbreytingu.

Sú leið að þurfa að kjósa stjórnsmálaflokka til setu á Alþingi í fjögur ár, og í raun aftur í önnur fjögur, er mjög ómarkviss leið til þess að breyta stjórnarskrá. Sú leið gerir í raun ráð fyrir að dægurmál í kringum kosningar um stjórnvaldsstefnu á fjögurra ára fresti hafi eitthvað með grunnuppbyggingu kerfisins að gera eða megi í það minnsta blandast því. Þvert á móti má reyndar rekja ástæðu þess að víðast hvar er erfiðara að breyta stjórnarskrá heldur en almennum lögum, ekki síst til þess viðhorfs að stöðugleiki þurfi að ríkja um stjórnkerfið sem slíkt og að það eigi að vera sem mest óháð skammtímasjónarmiðum í samfélaginu. Þessi leið gerir breytingar vissulega erfiðar, en ekki á réttum forsendum, heldur með því að blanda saman hagsmunum. Hugmyndafræðilega er leiðin fær, en þó ekki mikið greiðari en það að kaupa verslun vantí mann að kaupa í matinn. Það getur hæglega komið upp sú staða að sá flokkur sem einhver einstaklingur vill sjá sterkastan inni á Alþingi sé eini flokkurinn sem ekki vill þær stjórnarskrárbreytingar sem einstaklingurinn vill sjá. Þá er komin upp klemma og hann þarf að taka ákvörðun um það hvort stjórn landsins næstu fjögur árin eða stjórnarskrárbreytingin á að hafa forgang. Þetta á reyndar við um öll mál, en stjórnarskráin hefur þá sérstöðu að vera grunnurinn undir réttmæti alls annars í stjórnkerfinu og því er sérstaklega mikilvægt að ákvarðanir um hana séu undir beinni stjórn almennings og byggi ekki á náð þeirra sem komnir eru í valdastöður samkvæmt því kerfi sem ríkir – og tillagan gengur hugsanlega út á að breyta. Þetta er mikilvægt öryggisatriði svo að hægt sé að leiðrétta galla sem slæðst gætu inn og gefið valdhöfum of mikil völd eða tæknilega einokun á valdi samfélagsins.

Markvissari leið til þess að halda stöðugleika í stjórnarskránni en hafa hana samt undir beinni stjórn almennings væri að setja til dæmis skilyrði um samþykki a.m.k. 50% atkvæðisbærra manna og a.m.k. 60-75% þeirra sem mæta á kjörstað. Með þessum skilyrðum gæti breytingin öðlast gildi strax eftir kosninguna eða samkvæmt þeim gildistökuákvæðum sem í tillögunni væru. Til þess að minnka áhrif dægurmála mætti síðan setja annað skilyrði um það að breytinguna þurfi að staðfesta í þjóðaratkvæðagreiðslu að 2-6 árum liðnum. Þar sem það er nauðsynlegt gætu gildistökuákvæðin í breytingatillögunni tekið mið af því.

3 Lýðræðislegt stjórnkerfi

Í síðasta kafla ræddi ég um lýðræði samkvæmt bókstaflegri merkingu orðsins, sem er nær þeirri merkingu sem það hafði upprunalega og í raun allt fram á miðja síðustu öld.⁹ Í þessum kafla kem ég áfram til með að nota hugtakið lýðræði, en nú samkvæmt nútímalegri málnotkun. Hér verður stjórnkerfið sem slíkt í brennidepli en ekki grunnurinn að því. Segja má að með lýðræði eigi ég nú við *lýðræðislegt stjórnkerfi*, óháð því hvernig það kerfi kemur til eða á hvaða stöðum það byggir. Þetta er það sem ég tel að hversdagsleg notkun orðsins vísi til í dag. Hvað felst svo aftur í hugtakinu lýðræðislegt stjórnkerfi er annað mál, en tilraun verður gerð til þess að útskýra það í þessum kafla.

Lýðræði á það sammerkt með mörgum öðrum hugtökum að vera illa afmarkað og fljótandi í almennri notkun. Það sem einn kallar lýðræði kallar annar jafnvel einræði og þar fram eftir götunum, allt eftir því hvaða eiginleika menn kjósa að eigna lýðræðinu og setja sem skilyrði þess – sem svo aftur getur ráðist mjög af hagsmunum. Nú á tímum, þegar lýðræði er orðið jafn eftirsóknarvert og raun ber vitni, held ég að það megi í grundvallaratriðum nálgast það á tvennan hátt. Það má annars vegar nálgast kerfislægt út frá valdaframsali og hins vegar huglægt út frá væntingum. Fólk hefur í huga sér ákveðna kjörmynd af lýðræði sem stjórnarform sem uppfyllir væntingar um réttláta, sanngjarna og skynsama stjórn. Að auki tel ég væntingarnar lúta m.a. að skilvirkni, verkaskiptingu, mannréttindum, velferð og öryggi. Þessar væntingar eru ekki endilega í tengslum við raunveruleikann og stangast jafnvel á við hann. Í raun má segja að lýðræði sé orðið leppshugtak yfir það sem hver og einn telur einfaldlega *gott stjórnarfar*¹⁰. Hver er til dæmis á móti lýðræði? Það getur enginn – pólitískt rétt hugsandi maður – verið á móti lýðræði, einmitt vegna þess að í huga alls þorra almennings stendur lýðræði fyrir *gott stjórnarfar*. Þetta góða stjórnarfar er síðan boðskapur sem heiminum öllum er boðaður en minna máli virðist skipta hvað raunverulega er í pakkanum því að almenn umræða og umfjöllun fjölmiðla veitir uppbyggingu stjórnkerfanna litla athygli – hinu kerfislæga valdaframsali – hvort heldur það er á Vesturlöndum eða í nýjum lýðveldum sem aðstoðuð hafa verið til þess að koma á lýðræði. Sögulega séð er engin trygging fyrir því að stjórnkerfi sem kölluð

⁹ Saward. (2003). Bls. 25.

¹⁰ Að auki gæti það þurft að hafa einhverja ytri ásýnd sem að dæmigerð hefur orðið fyrir lýðræðis, s.s. forseta, þing og kosningar. Hvernig menn veljast í embætti og hvaða reglum kosningarnar lúta skiptir minna máli ef stjórnarfarir er á yfirborðinu gott. Sem dæmi um galla sem fáir setja fyrir sig má nefna taktísk skipting kjördæma eftir hentugleika valdhafa (e. gerrymandering).

eru lýðræði séu í raun það sem við samþykkjum sem lýðræðislegt stjórnkerfi, eins og nánar verður komið að í næsta kafla, og því sjálfsagt að vera vakandi fyrir því hvaða hagsmunum er best gætt í uppbyggingu kerfanna – hvort sem þau eru gömul eða ný.

Lýðræði er ekki eingöngu útflutningsvara. Orðið má ekki síður nota til þess að þyrlla upp ryki heima fyrir og réttlæta hluti þar. „Sigur fyrir lýðræðið“ er dæmi um merkingarlausan frasa sem oft er beitt án þess að fara nánar út í það í hverju sá sigur er fölginn eða hvernig lýðræði getur yfir höfuð unnið eitthvað og yfir hverju sá sigur er þá. „Þetta var nú bara lýðræðisleg niðurstaða“ er annað dæmi um frasa sem réttlætt getur óþægileg mál jafnvel þó að niðurstaðan hafi hreint ekkert verið lýðræðisleg, hvort sem hún er skoðuð út frá valdaframsali til fulltrúa eða væntingum um réttláta og skynsama niðurstöðu. Verið getur að öllum reglum hafi verið fylgt samkvæmt lagabókstafnum, en endurspegli hann kerfi sem ekki er lýðræðislegt, þá verður niðurstaðan ekki lýðræðisleg.¹¹ Þennan frasa er því hægt að nota til þess að beina athyglinni frá málsatvikum og að einhverju sem stendur sjálfkrafa fyrir eitthvað eðlilegt og sjálfsagt. Inntakið hlýtur þó að vera það sem telur.

Fram hafa komið margar mismunandi kenningar um hvernig lýðræðislegt stjórnkerfi skuli vera uppbyggt. Að mati Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, eiga þær allar¹² a.m.k. tvennt sameiginlegt. Annars vegar að líta á lýðræði sem kerfi stjórnunar þar sem borgararnir nýta einhver stjórnþæki yfir opinberri stefnu annað hvort beint eða óbeint og hins vegar að ákvarðanir um stefnu hafi áhrif á hver stefnan verður í raun á einhvern þýðingarmikinn hátt.¹³ Þetta tel ég að fangi nokkuð vel kjarna lýðræðislegs stjórnkerfis og segi að í raun snýst það um hvort að fyrir hendi sé skilvirk leið fyrir lýðinn til þess að ráða í sameiningu stjórnvaldsstefnu ríkisins. Almenn séð vísar lýðræði í að slík leið sé til. Það sem kemur til álita við mat á því eru ýmsir þættir, m.a. hversu réttlátt kosningakerfið er, þ.e.a.s. hverjir fá að kjósa, um hvað og hvernig atkvæðin eru talin saman. Önnur mikilvæg atriði eru til að mynda hversu jafnir möguleikar eru til framboðs og hvort tjáningarfrelsi og almenn mannréttindi séu virt.

¹¹ Stundum er gerður greinarmunur á lögmæti sem viðurkenningu (e. acceptance) og lögmæti sem réttmæti (e. rightness) og er þá annars vegar átt við lögmæti vegna undirgefni við þann lagabókstaf sem gildir og hins vegar að kerfi séu lögmæt ef þau eru rétt samkvæmt óhlutdrægu mati. Sjá, Held. (2006). Bls. 241.

¹² Af texta hans má reyndar skilja að hann eigi við allar þær kenningar sem fjallað er um í Held (1987), en sú bók er eitt besta yfirlit yfir lýðræðiskenningar sem völ er á og stuðst er við nokkra hluta úr nýjustu útgáfu hennar, Held (2006), í þessari ritgerð.

¹³ Gunnar Helgi Kristinsson. (2005). Bls. 168.

Þetta eru mælikvarðar á það hvort að stjórnkerfi sé lýðræðislegt og þetta er það sem hefðbundið er að skeri úr um hvort við samþykkjum að ríki sé lýðræðisríki eða ekki, þegar að menn skoða staðreyndir málsins á annað borð. Það hvort að ríki kalla sig lýðræðisríki er þessu alveg óháð.

4 Hvaðan kemur lýðræðið og hverjum er það ætlað?

Í sögulegu samhengi er hreint ekkert sjálfsagt að við búum við lýðræði í dag. Jafn falleg hugmynd og lýðræðið er þá hefur það orðið staðreynd, í sinni núverandi mynd, sem afleiðing – frekar en að það hafi verið markmið – baráttu sem raunverulega var háð fyrir hagsmunum og réttindum ákveðinna hópa. Þeir hópar sem talist hafa verið *lýðurinn* á hverjum tíma hafa til dæmis verið „[...] eignamenn, hvítir karlar, menntaðir karlar, karlar, menn með ákveðna fagkunnáttu og starfssvið, hvítt fullorðið fólk [...]“¹⁴ og loks allt fullorðið fólk, sem er sá hópur sem við látum lýðræðið ná til í dag. Baráttu fyrir lýðræði fyrir alla fullorðinna mundum við því líklega samþykkja sem baráttu fyrir lýðræði í sinni réttu mynd – baráttu fyrir því að *fólkið* ráði eftir einhverjum raunhæfum leiðum – þó svo að börn séu þar undanskilin.

Í grein sinni *Er fulltrúalýðræðið að veslast upp?* lýsir Jón Ormur Halldórsson því vel hvernig lýðræðisþróun Vesturlanda síðan á 18. og 19. öld hefur ekki aðallega verið keyrð áfram af þeirri lýðræðishugsjón að fólkið sjálft skuli stjórna samfélagi sínu, heldur ekki síður verið afleiðing hagsmunabaráttu eignamanna sem tryggja vildu stöðu sína gagnvart duttlungum yfirvalda.¹⁵ Þegar að borgarastéttin í Evrópu, sem samanstóð af fjársterkum mönnum sem högnuðust á iðnbyltingunni, fór að krefjast þátttöku í stjórnun ríkjanna voru uppi varnaðarraddir innan hennar um að þau réttindi sem hún barðist fyrir mundu á endanum ekki einskorðast við hana sjálfa heldur vera veitt öllum.¹⁶ Það var samt ekki hugsun sem að allir hræddust. Til að mynda voru fylgismenn hins framsækna snillings Jeremy Benthams að minnsta kosti á tímabili á þeirri skoðun að kosningaréttur ætti að vera veittur öllum fullorðnum, jafnvel konum þó að það hafi almennt ekki þótt góð hugmynd eða náð fram að ganga fyrr en löngu eftir að karlar fengu kosningarétt. Bentham sjálfur skipti oft um skoðun á þessu máli og taldi á endanum að rétt væri að einskorða kosningarétt við læsa karlmenn þó svo að hlusta ætti á skoðanir allra í samfélaginu.¹⁷ Sama var uppi á teningnum á Íslandi því

¹⁴ Held. (2006). Bls. 2.

¹⁵ Jón Ormur Halldórsson. (2004).

¹⁶ Stromberg. (1994). Bls. 48.

¹⁷ Stromberg. (1994). Bls. 56, 56n.

að í fyrstu alþingiskosningunum, árið 1844, höfðu þeir einir kosningarétt sem voru karlar, 25 ára og eldri, og höfðu fasteign sem metin var yfir ákveðnu lágmarksvirði til afnota. Samkvæmt mati Sigurðar Líndal tryggði þetta fyrirkomulag 2-3% þjóðarinnar kosningarétt og í vissum kjördæmum uppfyllti enginn þessi skilyrði.¹⁸

Í ljósi sögunnar má spyrja sig að því hvort að enn séu sömu hagsmunir í forgangi, þ.e.a.s. einna helst hagsmunir þeirra sem betur standa vegna fjárhagslegrar stöðu sinnar.¹⁹ Úr því get ég ekki skorið hér, en tel sjálfsagt að vera vakandi fyrir því. Því til stuðnings má nefna að duttlungar yfirvalda eru jafn erfiðir þeim sem mest mega sín í samfélaginu hvort sem að yfirvaldið er lýðurinn eða til dæmis konungurinn. Jafnvel mætti segja að raunvirkt lýðræði geti verið þeim andsnúnara því að við þær aðstæður væru hagsmunir stærstu hópanna þeir sem nærtækastir væru flestum, en aðra hagsmuni þyrfti að verja með rökum sem fjöldinn samþykkir. Við þær aðstæður getur verið erfitt að verja mikið forskot á fjöldann í tækifærum og munaði.

Rök eru reyndar ekki það eina sem dugar heldur getur áróður verið jafnáhrifaríkur til þess að sannfæra fólk. Í því ljósi er rétt að átta sig á því með hvaða hætti er hægt að koma áróðri með virkum hætti til skila. Þar mundu auglýsingar, þættir og umræður í fjölmiðlum virka best, og betur eftir því sem fjölmiðillinn fær meiri áheyrn. Útbreiðsluleiðir sem kosta peninga eru þær auðveldustu hvort sem það er á prenti eða á öldum ljósvakans. Núna eru það því peningarnir sem ráða miklu um það hvaða tækifæri fólk hefur til þess að koma skoðunum sínum á framfæri við fjöldann, jafnt í formi raka sem áróðurs. Þeir sem ekki hafa ráð á að kaupa sér tíma í fjölmiðlum þurfa að fá samþykki ritstjórna, þáttagerðamanna eða annarra starfsmanna fjölmiðilsins. Þeir sem eiga peninga geta, ef til þarf, einfaldlega keypt fjölmiðilinn og ráðið þangað fólk að sínu skapi. Þetta er gríðarlegur aðstöðumunur sem að opnari samskiptaleiðir eins og internetið jafna ekki nema að mjög litlu leyti. Það er ekki nóg að koma sínum boðskap út á internetið, því að þó að það sé frjálst þá þarf eftir einhverjum leiðum að vekja athygli á því sem þar stendur og setja upp tengingar sem að vísa fólki á rétta staði. Annars jafnast það nánast á við það að skrifa fyrir skúffuna.

Hagsmunir stóreignamanna og hagsmunir almennings í heild þurfa alls ekki að vera þeir sömu. Það eru hagsmunir allra að rétturinn til eignar sé virtur og það eru

¹⁸ Gunnar Helgi Kristinsson. (2006). Bls. 35.

¹⁹ Aðra þekktu mismunun eins og vegna kynþáttafordóma, þjóðrembu eða á forsendum kynferðis ætla ég ekki að skoða hér sérstaklega þó svo að það sé ekki síður áhugavert og mikilvægt.

hagsmunir stóreignamanna að þar sé látið við sitja og ekki sett nein takmörk á eignarhald eða eignatengsl. Það mundi vera kallað frelsi. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að það séu hagsmunir alls almennings eða að það skapi öllum frelsi. Ef að einn hefur frelsi og getu til þess að eignast allt en aðra skortir getuna við þær aðstæður, þá er spurning hvort að í raun sé um frelsi að ræða. Í því tilfalli lítur út fyrir að aðstöðumunur geti ekki síður en lagabókstafur verið höft á frelsi. Með takmörkunum á stærð eignarhlutar væri fleirum skapað frelsi til þess að eiga og eignast á markaðsvirði sem þeir réðu við. Höft eru því ekki í eðli sínu slæm, frekar en að frelsi, í merkingunni haftaleysi, sé í eðli sínu gott. Rétt eins og skýrar reglur eru smáþjóðum mikilvægar í alþjóðasamskiptum þá eru skýrar reglur í samfélagi mikilvægar til þess að verja einstaklingana. Skýrar reglur eru alltaf mikilvæg vörn þess veika gegn hinum sterka en sá sterkasti hefur litla þörf fyrir þær og fær mestu framgengt fái hann að leika lausum hala.

Í gegnum lýðræðisþróun Vesturlanda hafa eignamenn verið hinir veiku að berjast fyrir reglum sem að verja þá fyrir hinum sterka, sem er ríkisvaldið. Nú eru hins vegar orðnir til hópar með sameiginlega hagsmuni – eins og eigendur ákveðins fyrirtækis eða fyrirtækja í sambærilegum rekstri – sem að jafnast á sumum sviðum við íslenska ríkið að efnahagslegum styrk. Íslensku bankarnir hafa til að mynda á tímabili haft sama lánshæfismat og ríkið²⁰ auk þess sem að allt útlit er fyrir starfsemi fyrirtækis á Íslandi sem hefur haft hreinan hagnað sem er á við öll útgjöld Íslenska ríkisins.²¹ Ég er ekki að taka afstöðu til þess hvort að þetta er góður eða slæmur hlutur. Þetta er einfaldlega staðan. Það sem skiptir máli í þessu er þó það að almenningur hefur jafnmikla hagsmuni af því að vera varinn gegn duttlungum þessara valdablokka eins og duttlungum ríkisins.

Hugmyndafræðilega séð hefur almenningur einn skýran og kláran samstarfsvettvang til þess að vinna að sínum sameiginlegu hagsmunum, en hann er ríkið. Ríkið er sá vettvangur sem almenningur í lýðræðisríki getur nýtt til þess að sýna samtakamátt sinn og koma ákvörðunum samfélagsins í framkvæmd. Sögulega séð getur verið erfitt að sjá þetta svona þar sem ríkinu hefur lengst af verið stjórnað af einhvers konar yfirstétt eða (sjálfskipuðum) úrvalshópi sem að síðan hefur smátt og smátt veitt almenningi hlutdeild í því valdi. En þetta verður auðséð út frá því

²⁰ Moody's lánshæfismat. (2007).

²¹ Þetta er háð því að yfirtaka Rio Tinto á Alcan gangi endanlega eftir. Sjá, Vísir (2007). Tölurnar má sjá í Rio Tinto (2007) borið saman við heildarútgjöld íslenska ríkisins eins og þau eru gefin upp fyrir árið 2006 á Hagstofu Íslands (2007).

frumskilyrði lýðræðis sem ég setti fram í kafla 2. Það er því mikilvægt, ef að sú uppbygging sem almenningur velur ríkinu á að vera lýðræðisleg, að þá stuðli hún að eða tryggi að vettvangurinn sem ríkið er sé á forsendum alls almennings og starfi fyrir hann en viðhaldi ekki forskoti ákveðinna minnihlutahópa. Þetta er verkefni sem er viðvarandi í öllum lýðræðissamfélögum og reynt verður að takast á við í því sem á eftir kemur í þessari ritgerð.

5 Lýðræðissamfélag

Nú hef ég rætt um (1) það sem ég tel vera frumskilyrði lýðræðis, (2) í hverju lýðræðislegt stjórnkerfi felst og hef einnig (3) vakið athygli á því að það þarf að vera á varðbergi gagnvart því á hverra forsendum lýðræðið er þróað áfram og fyrir hvern. Nú velti ég fyrir mér hvað þurfi til svo að hægt sé að tala um lýðræðissamfélag.

Lýðræðissamfélag hlýtur að vera að lágmarki samfélag sem að býr við lýðræðislegt stjórnkerfi. Slík nægjusemi bætir þó litlu gagnlegu við það sem áður hefur verið fjallað um. Hérna ætla ég því að fjalla um *virka þátttöku borgaranna í því að byggja upp það samfélag og þær samfélagsreglur sem mest sátt ríkir um vegna þess að með því móti kemur samfélagsþátturinn sterkastur inn. Í lýðræðissamfélagi þarf að vera lýðræðisvitund í samfélaginu. Þar er ekki nóg að öll ferlin séu fyrir hendi ef hvatinn er lítill sem enginn og erfiðleikarnir yfirgnæfandi. Slíkt má e.t.v. kalla lýðræðislegt stjórnkerfi, þó svo það sé ekki gott sem slíkt, en til þess að hægt sé að tala um lýðræðissamfélag þarf almenningur að finna til máttar síns og hafa á þann hátt hvata til þess að gera þátttöku í lýðræði að hluta af sínum hversdagslegu viðfangsefnum. Ef þeir eru ekki fyrir hendi verður lýðræðið í raun alltaf bara fárra; einhvern stjórnmalastéttar innan samfélagsins, sem hefði lýðræðið í hendi sér. Það sem gerði það að verkum að menn tilheyrðu stéttinni væri að þeir hefðu peningana til þess að standa fyrir áróðri, stjórn á fjármagni og atvinnutækifærum til þess að setja pressu á stjórnvöld og/eða sambönd og nálægð við lýðræðislega kjörna fulltrúana til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri í gegnum þá. Áróðurinn mundi ekki síst virka fyrir þær sakir að ef fólk væri ekki þátttakendur mundi það hvorki leita í miklum mæli eftir gagnstæðum sjónarhornum né hnjóta um þau, heldur vera að sinna öðrum hlutum sem frekar vektu áhuga þess. Pressa þeirra sem réðu yfir fjármagni og atvinnutækifærunum mundi virka vegna þess að bæði almenningur og fulltrúarnir sjálfir sæju það sem ábyrgð fulltrúanna að viðhalda og helst bæta kjör almennings og verja hann áföllum. Almenningur hefði svo engan djúpan skilning á störfum*

fulltrúanna vegna afskiptaleyfis síns en verðlaunaði þá með atkvæði sínu ef allt liti vel út á yfirborðinu og þannig væru báðir aðilar tiltölulega sáttir með sitt. Samböndin og nálægðin við fulltrúana virkaði á þann hátt að einstaklingar í þeirri stöðu hefðu óvenju góðan aðgang að því að koma skoðunum sínum á framfæri við fulltrúa og gætu upplifað ríkisvaldið sjálft sem minna fjarlægt þess vegna og meira sem eitthvað sem hægt væri, og þess virði að reyna, að hafa áhrif á. Stéttin væri ekki endilega samstíga eða einsleit og fólk hefði möguleika á að komast inn í hana hvar sem það fæddist í samfélaginu – það er til dæmis hendingu háð hverjir þekkja fulltrúana á hverjum tíma meðan kerfi framboða og kosninga er sæmilega lýðræðislegt. En það væri erfiðleikum bundið að komast inn í hópinn nema einmitt fyrir hendingu, því annars þyrfti það helst að vera aðalmarkmið þeirra sem ekki fæddust inn í stéttina á einhvern hátt ef það ætti að ganga eftir. Þeir einstaklingar þyrftu að búa yfir þeim mikla og víða áhuga á stjórnmálum – eða frægð – sem þarf að jafnaði til þess að gera stjórnmálin að sínu aðalstarfi eða að öðrum kosti að komast vel í álnir og hafa óbein áhrif í krafti þess. Lýðræðissamfélag getur ekki búið við slíkt heldur þarf það að uppfylla auðvelda aðkoma allra borgaranna og jöfn tækifæri til þátttöku í lýðræðinu. Auðvelt þarf að vera að koma skoðun sinni á framfæri og ekki á að þurfa að leggja út í einhvern sérstakan pólitískan frama til þess að geta unnið hugmyndum sínum brautargengi heldur á að vera til vettvangur sem hæfir hugmyndunum. Þeir sem hafa hvað mestan og víðtækastan áhuga færu þá út í pólitískan frama meðan þeir sem hefðu áhuga á að koma einstökum hugmyndum á framfæri en ekki lífssýn eða heildarhugmynd gætu unnið að þeim sérstaklega. Þar eru félagasamtök um einstök mál byrjunin en aðgengi að þeim þarf einnig að vera gott og aðgengi þeirra að stjórnvöldum sanngjarnt.²² Hvort að líklegt er að nokkurt samfélag geti uppfyllt þetta og hvort þetta sé yfir höfuð framkvæmanlegt er ekki alveg fyrir séð, en við komumst kannski eitthvað nær því að vita það síðar í þessari ritgerð.

Í fræðilegri umræðu um lýðræði hefur ný stefna verið að ryðja sér til rúms á undanförunum tveimur áratugum eða svo. Stefnan gengur undir nafninu rökræðulýðræði (e. deliberative democracy) og hefur unnið sér inn vinsældir og trúverðugleika sem gagnrýni á núverandi kerfi og sem sú kjörmynd lýðræðis sem rétt væri að nálgast.²³

²² Sanngjarnt til að mynda m.t.t. stuðnings almennings í samfélaginu við þau eða með hliðsjón af réttmæti hugmynda þeirra út frá skynsömu og hlutlægu mati.

²³ Elstub. (2005). Bls. 147.

David Held er einn virtasti fræðimaðurinn á sviði lýðræðis í dag. Í bók sinni *Models of Democracy* gefur hann yfirlit yfir allar helstu lýðræðishugmyndir sögunnar, allt frá lýðræðinu í forn-grísku borgríkjunum til dagsins í dag. Rökræðulýðræðið er að hans mati nokkuð sér á báti miðað við allar hugmyndirnar sem komið hafa fram áður. Hann segir að á meðan allar aðrar lýðræðishugmyndir flokkist gróflega í tvo flokka: beint eða þátttöku-lýðræði og frjálslynt- eða fulltrúalýðræði, þá fari rökræðulýðræðið þvert á þessa flokka.²⁴ Rökræðulýðræðið gerir ráð fyrir virkri þátttöku borgaranna í ferli ákvarðana en einnig að flestar ákvarðanir séu teknar endanlega af fulltrúunum, eða eftir því kerfi sem ríkir á hverjum stað. Aðaláherslan er á ákvarðanaferlið sjálft og þannig reynir það að sameina bestu eiginleika allrar þeirrar hugmyndafræði sem á undan hefur komið og lendir því þvert á fyrrgreinda flokkun.

Ekki er nein ein og endanleg skilgreining á rökræðulýðræði en víða er að finna tilraun til þess að afmarka og skýra hugmyndina. Jon Elster, einn af helstu fræðimönnunum á sviði rökræðulýðræðis, ritstýrði bókinni *Deliberative Democracy* árið 1998, en í henni er að finna safn greina um rökræðulýðræði. Í inngangi bókarinnar reynir hann að fanga sameiginlegan þátt í skilgreiningum allra greinahöfunda bókarinnar með eftirfarandi tveimur þáttum sem rökræðulýðræði felur samkvæmt því í sér:

1. Sameiginleg ákvarðanatöku sem í taka þátt allir þeir sem fyrir áhrifum munu verða af ákvörðuninni eða fulltrúar þeirra: þetta er lýðræðishlutinn.
2. Ákvarðanir eru teknar á grundvelli röksemda sem færðar eru fram af þátttakendum, og *ætladar* þátttakendum, sem einsetja sér gildi skynsemi og hlutlægni: þetta er rökræðuhlutinn.²⁵

Fyrri atriðið getur verið vandkvæðum bundið því að erfitt getur verið að átta sig á því fyrirfram hverjir munu verða fyrir áhrifum ákveðinnar ákvörðunar og óvíst hvar mörkin eiga að liggja. Er verið að tala eingöngu um þá sem verða fyrir umtalsverðum áhrifum eða alla sem ákvörðunin eitthvað snertir? Þarf fólk sjálft að gera tilkall til þess og sýna fram á hvernig það muni snerta það eða er það skilgreint af stjórnvöldum og haft uppi á fólki? Er verið að tala um innan ríkja eða eiga allir í heiminum sem fyrir áhrifum af ákvörðununum gætu orðið að fá að taka þátt? Við þessu eru engin einföld svör.

²⁴ Held. (2006). Bls. 4, 4n.

²⁵ Elster. (1998). Bls. 8.

Seinna atriðið er ekki síður vandasamt því hvernig á að tryggja að ákveðin gildi séu viðhöfð í umræðu? Er hægt að setja um það reglur? Hver á þá að meta hvort að farið sé eftir reglunum? Væri sá aðili skynsamur og hlutlægur eins og reglurnar mundu segja til um? Þetta er augljóslega ekki auðvelt verk, en ég er ekki með þessu að segja að ekki sé hægt að nálgast þetta eitthvað. Hugarfarsbreytingin sem þarf að eiga sér stað er samt töluverð og líklega dugir ekkert minna en einhverjir kerfislægir hvatar eða skilyrði til þess að verkefnið sé raunhæft, því mikill munur er á þeim gildum sem rökræðulýðræðið hampar og þeim sem einkennt hafa íslenska stjórn málaumræðu. Í formála bókar sinnar *Náttúra vald og verðmæti* gerir Ólafur Páll Jónsson þetta einmitt að umtalsefni sínu og segir:

Sá sem setur fram rök fyrir máli sínu og er reiðubúinn að taka þátt í rökræðu, hann verður líka að vera reiðubúinn að gangast undir hlutlæg viðmið um góð eða slæm rök. Því miður eru stjórnmalamenn sjaldnast reiðubúnir að gangast undir slík viðmið. Þeirra háttur er að verja málstað, jafnvel án minnsta tillits til skynsamlegra raka, og þess vegna er kappræðan þeirra vettvangur. Rökræðan er þeim iðulega fjarri og jafnvel framandi. [...] Í kappræðuna mæta menn [...] brynjaðir svo örvar röksemdanna hrökkva af mönnum eins og vatn af gæs. Þar er markmiðið ekki að grafast fyrir um sannleika eða góð rök heldur að koma höggi á andstæðinginn – lát honum fipast.²⁶

Ólafur Páll hefur reyndar gert nokkrar tilraunir til þess að koma þessari hugmynd um rökræðulýðræði á framfæri á undanförunum árum og er sumt af því tekið saman í fyrrgreindri bók. Árið 2003 birtist til að mynda grein hans *Prútt eða rök og réttlæti* í fyrst bindi *Ritsins* það ár. Þar ber hann saman rökræðulýðræði og það stjórnarform sem við búum við í dag og hann kys að kalla *Prúttlýðræði*. Lýsing hans á Prúttlýðræði er hans útlekking á kenningu frá bandaríska stjórn málafræðingnum Robert A. Dahl.²⁷ Í greininni segir að í raun sé sú kenning hugmynd um :

[...] aflýðræði sem samkeppni hagsmuna á frjálsum markaði. Takmark einstaklinganna er að vinna eigin hagsmunum brautargengi – að „selja“ sína hagsmuni – og góður árangur í kosningum, og þar með fjöldi þingmanna, er eftirsóknarverður vegna þess að hann felur í sér ráðandi stöðu á markaði. Alþingi verður öðrum þræði markaðstorg hagsmuna, flokkar verða vörslumenn hagsmuna og þingmannafjöldi tiltekinn flokka segir til um áhrif ólíkra hagsmuna á bindandi ákvarðanir löggjafans. Lýðræðislegar ákvarðanir taka á sig mynd prúttts, eða hrossakaupa eins og stundum er sagt, þar sem reynt er að gera verðgildi eigin hagsmuna sem mest en andstæðra hagsmuna sem minnst.²⁸

Þó svo að maður geti auðveldlega kannast við einkenni í líkingu við það sem Ólafur Páll lýsir í íslenskum stjórn málum þá er hér um vissa einföldun að ræða og

²⁶ Ólafur Páll Jónsson. (2007). Bls. 12.

²⁷ Ólafur Páll Jónsson. (2003). Bls. 34.

²⁸ Ólafur Páll Jónsson. (2003). Bls. 35.

verður að líta á það sem slíkt. Hagsmunagæla og rökræður þurfa ekki að vera andstæður. Það er því í sjálfu sér ekkert innbyggt í kerfið sem kemur í veg fyrir rökræður, en á móti kemur að það er kannski heldur ekkert sem að hvetur til þeirra.

Hvatinn til rökræðna er ekki mikill meðan að þátttaka fólks í ákvarðanaferlinu er lítil vegna þess að þá er fólk síður inni í málum og betur móttækilegt fyrir orrahríð og mælskubrögðum sem ekki gera umræður upplýsandi heldur áberandi fyrir sakir háreisti eða stórra orða. Í þeim geta þó verið dregnar skýrar línur sem hjálpa mönnum að gera upp hug sinn í kosningum, en í versta falli sýna þær aðeins fram á að menn séu ósammála án þess að ljóst sé nákvæmlega í hverju það liggur. Hagsmunagæsla og rökræður gætu hins vegar vel þrífist saman ef að almennur kjósandi sæi hjá sér ástæðu og raunhæft tækifæri til þess að taka þátt í undirbúningi mála og ákvarðanatökufæri. Þá væri fólk betur inni í málum og farið að velta upp rökum sjálf í tengslum við sína þátttöku og því betur undirbúið fyrir að hlusta á rök stjórnámamanna með athygli og á gagnrýninn hátt.

Mörg stærri mál eru þess eðlis að þekking á þeim kemur hreint ekkert af sjálfu sér í hinu daglega amstri heldur þurfa einstaklingar að öðlast hana með lestri eða samræðum komi hún ekki af reynslu frá fyrstu hendi. Ef að menn gefa sér hins vegar engan tíma til þátttöku í lýðræðislegum ferlum samfélagsins og byggja skoðanir sínar fyrst og fremst á fyrstu persónu reynslu verður skilningur milli hagsmunahópa minni og hvatinn til kappræðna meiri en til rökræðna; hvati til þess að skerpa ágreining í stað þess að setta sjónarmið í keppninni um vinsældir á kjördag. Skærur og skotgrafahernaður þrífist þá betur og kemur heim og saman við hagsmuni fjölmiðla sem fanga þurfa athygli áhorfenda í samkeppni um auglýsendur.

Skýrir valkostir og opinskár ágreiningur getur auðveldað fólki að gera upp hug sinn í kosningum og í kerfi sem leggur mest upp úr kosningum má líta á það sem kost. Hvort að fólk lætur það sér nægja er svo annað mál. Á Íslandi hefur átt sér stað sama þróun og í öðrum löndum hvað það varðar að fólk er farið í auknum mæli að nýta sér óhefðbundnar leiðir til þess að hafa áhrif á samfélag sitt. Nýjar leiðir hafa bæst við, og jafnvel að einhverju leyti komið í stað þeirra gömlu, svo sem þátttöku í starfi innan stjórnmálaflokka. Þannig var það samkvæmt rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands að 38% Íslendinga skrifuðu undir undirskriftalista árið 1984, samanborið við 54% árið 1999, 8% sniðgengu vöru eða þjónustu sem því líkaði árið 1984, samanborið við 18% árið 1999, og 15% mótmæltu einhverju, samanborið við

21% árið 1999.²⁹ Nokkur hækkun á sér sem sagt stað á öllum þessum sviðum. Þetta gæti bent til þess að þetta markaðstorg allsherjarhugmynda henti fólki ekki lengur og því sé það í leit að nýjum leiðum. Gunnar Helgi túlkar það einmitt sem svo að fólki líki e.t.v. ekki það sem stjórnámálflokkarnir hafa fram að færa en vilji samt leggja sitt af mörkum. Og hann bætir við:

Þetta bendir líka til þess að átakamynstrið í samfélaginu sé ekki eins og það var. Á árum áður var skýrari stéttaskipting. Hver stétt hafði ákveðinna hagsmuna að gæta og þetta voru tiltölulega einfaldar fylkingar. Núna hefur þetta breyst og því verða einstök mál mikilvægari og umdeildari en áður.³⁰

Átökin eru sem sagt í meira mæli farin að snúast um einstök mál heldur en heildarhagsmuni ákveðinna stétta eða stórra afmarkaðra samfélagshópa. Það er því orðið erfiðara að bjóða uppá heildarlausnir og vinna sér þannig stöðu í litrófi stjórnómála³¹ þegar að skoðanamynstrið í einstökum málum gengur þvert á flokkslínur.

En svona krafa á stjórnkerfið, um að uppfylla væntingar fólks í einstökum málum en ekki aðeins heildarhugmyndafræði, gerir endurkröfu á almenning um að taka þátt og láta skoðanir sínar í ljósi meira en bara í kosningum og skoðanakönnunum. Þátttaka innan stjórnámálflokkanna er þá ekki endilega eina lausnin, sér í lagi ef að fólk finnur sig ekki í einni af stærstu hugmyndafræðilegu blokkunum og hefur því ekki neinn starfandi flokk til að hverfa. Það eru heldur ekki endilega hagsmunir fólks að vinna að málum innan flokka sem standa fyrir ýmis fleiri mál og óskyld því sem það vill sjálft vinna að því að þá er það í raun aðeins að ná til afmarkaðs hóps borgaranna. Þetta krefst því vettvangs sem er ekki bundinn flokkunum heldur kæmi fólk þangað á eigin forsendum með þær fjölbreyttu skoðanir sem hver og einn hefur. Þá gætu borgararnir komist að niðurstöðu um mál sín í milli án þess að skekkja myndina með því að vinna að þeim innan minni flokka fyrst – hópa þar sem þverpólitískt mál getur orðið undir með naumum meirihluta allsstaðar og þá er enginn hópanna sem er sérstakur málsvari þeirra þrátt fyrir að stór hluti borgaranna sé fylgjandi þeim. Flokkarnir missa þó ekkert gildi sitt við þetta og gætu haft enn ríkara hlutverki að gegna í að hafa heildaryfirsýn yfir málaflokka og passa uppá samræmi í stjórnvaldsaðgerðum.

²⁹ Haft eftir Gunnari Helga Kristinssyni í Oddný Helgadóttir. (2007). Bls. 14,18.

³⁰ Oddný Helgadóttir. (2007). Bls. 18.

³¹ Hér vísa ég til kenningar Antony Downs um það hvernig flokkar staðsetja sig á hinu hugmyndafræðilega litrófi frá vinstri til hægri eftir því hvernig kjósendur dreifast á þeim skala. Sjá, Ware. (1996). Bls. 317-342.

Rökræðulýðræðið talar fyrir nokkrum lausnum til þess að stofnanabinda rökræðulýðræðið og færa það af stigi hugmyndafræði og inn í daglegt líf. Þær lausnir gera ráð fyrir virkri þátttöku borgaranna á vettvangi sem er opinn öllum. Nokkrar af þeim hugmyndum sem fram hafa komið eru rökræðukannanir (e. deliberative polls), rökræðudagar (e. deliberative days), íbúadómur (e. citizens' juries), rafræn stjórnsýsla (e. E-government) og rafrænt lýðræði (e. E-democracy).³²

Rökræðukannanir virka þannig að tekið er ákveðið úrtak úr þýði eins og í öðrum könnunum en í stað þess að leggja fyrir beinar spurningar eru þeir sem í úrtakinu lenda fengnir til þess að koma saman, kynna sér málið sem könnunina varðar og rökræða um það í von um upplýsta niðurstöðu. Reyndar er byrjað á því að kanna afstöðu fólks áður en rökræðurnar eiga sér stað, en að því loknu er gengið til rökræðunnar. Í rökræðuferlinu fá þátttakendur að heyra í sérfræðingum um málið og spyrja þá spurninga auk þess að ræða málið sín á milli. Að lokum er gerð önnur könnun á afstöðu þátttakendanna og hún borin saman við útkomuna frá því fyrir rökræðuferlið. Kannanir sem þessar hafa verið notaðar fyrir fjölbreytt málefni bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Reynslan af þeim hefur sýnt að rökræða hefur marktæk áhrif á forgangsröðun þátttakendanna, en þó hefur sýnt sig að þrátt fyrir að rökræðukannanir breyti afstöðu þátttakendanna þá hefur það lítil áhrif á fjöldann að greina frá úrslitum þeirra, í það minnsta meðan þær eru ekki þekktara fyrirbæri en nú er meðal fjöldans.³³ Reynslan af þessu hlýtur að vera jákvæð staðfesting á gildi rökræðunnar, en kannanir sem þessar eru þó ekki hafnar yfir gagnrýni. Við framkvæmd þeirra hlýtur að skipta máli að sérfræðingarnir sem valdir eru til verksins séu hlutlægir í umfjöllun sinni ef að fullt mark á að vera takandi á könnuninni. Þar er komin a.m.k. einn óvissuþáttur sem tengist því að unnið er með úrtak og valda sérfræðinga en ekki alla þá lærða og leikna sem að málefnið snertir eða áhuga hafa á því. Á móti kemur að með færri þátttakendum eru líkur á að umræðan geti verið virkari fyrir hvern þátttakanda þar sem þeir geta allir bæði fylgst með og hvatt sér hljóðs með raunhæfum hætti. Í ljósi þess að þeir geta einnig spurt sérfræðingana gagnrýnna spurninga en sitja ekki einungis undir einstefnufyrirlesturum þá dregur mjög úr þessum óvissuþætti. Ef að framkvæmd könnunarinnar væri tekin uppá myndband, gefin út á prenti eða með einhverju móti gerð opinber eftir á, myndi draga enn frekar úr þessum áhrifaþætti á samfélagið því að þá gæti rökræðan í heild sinni orðið

³² Held. (2006). Bls. 253.

³³ Held. (2006). Bls. 247-248.

upplegg að almennri þjóðfélagsumræðu eftir á. Þannig gæti könnunin náð betur til fjöldans og þá gætu þeir sem ósáttir eru við framkvæmdina bætt við þeim sjónarhornum sem þeim fannst á vanta. Fyrir þjóðfélagsumræðu sem þessa þyrfti þó einhvern vettvang og er internetið sá vettvangur sem helst kæmi til álita að réði við slíka umræðu vegna möguleikans á gagnvirkni og fjöldapátttöku sem það býður uppá.

Rökræðudagar er leið í ætt við rökræðukannanirnar en hún hefur verið lögð til í þeim tilgangi að ná betur til fjöldans heldur en kannanirnar hafa reynst gera. Gert er ráð fyrir að almennir borgarar safnist saman á opinberum stöðum eins og skólum eða félagsheimilum og ræði einhver afmörkuð málefni gaumgæfilega og taki daginn í það. Viðburðirnir væru svo tengdir inn í dagskrá sjónvarps- og útvarpsstöðva og þar greint frá afstöðu fólks fyrir og eftir umræður og reynt að gera því skil hverjar helstu ástæðurnar væru fyrir breyttri afstöðu.³⁴ Þessi leið er líkleg til að geta verið mjög áhrifarík en það sem hún bætir við rökræðukannanirnar er að miklu leyti undir fjölmiðlum komið nema að þeir sem mæta á staðinn séu þeim mun fleiri. Tíminn er einnig frekar takmarkaður og ekki möguleiki á að fjalla nema um takmarkaðan fjölda mála á þennan hátt í ljósi þess hve mikil áhrif þetta hefur á dagleg störf fólks þann dag sem umræðurnar eiga sér stað, þ.e.a.s. þetta er ekki eitthvað sem að fólk grípur til eftir hendinni heldur er heill dagur ætlaður í þetta hverju sinni. Fyrir ákveðin stór mál gæti þetta þó hentað mjög vel og hæglega verið upplegg að samskonar framhaldsumræðu og fylgt geta rökræðukönnunum. Þetta er því ágætis tilbrigði við þær.

Íbúadómur er hugsaður í líkingu við kviðdóm í réttarhöldum nema að viðfangsefni hans eru pólitísk álitamál sem komast þarf að niðurstöðu um. Dæmigert er að dómurinn sé skipaður 18-24 mönnum sem valdir eru eftir ákveðnu ferli sem hefst á slembiúrtaki en endar á vali út frá aldri, kyni, búsetu og fleiru til þess að tryggja að hópurinn endurspegli almenning vel þrátt fyrir að úrtakið sé lítið.³⁵ Hópurinn setur sig inn í málið með því að rýna í upplýsingar sem hann fær frá fólki sem hefur mikla þekkingu eða reynslu af málinu, m.a. með því að spyrja það ítarlega í nokkurs konar yfirheyrslum. Inn á milli ræðir hópurinn saman og skiptist á skoðunum og að lokum er þess vænst að hann skili niðurstöðu eða lýsingu á framtíðarsýn sem þó þarf ekki að vera einróma.³⁶ Starfsemi dómsins tekur að jafnaði fjóra til fimm daga.³⁷ Markmiðið er svo það að venjulegt fólk geti með þessum hætti fengið að koma rödd

³⁴ Held. (2006). Bls. 248.

³⁵ Sjá, Jefferson Center. (e.d.) og Citizens Jury Process. (e.d.).

³⁶ Wakeford. (2002).

³⁷ Jefferson Center. (e.d.)

sinni að í formlegu ákvarðanaferli, sem og dæmi eru um, en hingað til hefur þetta form þó ekki verið notað til þess að skera endanlega úr um mál.³⁸

Rafræn stjórnsýsla og rafrænt lýðræði eru skyldir en þó vel aðgreinanlegir hlutir. Báðir byggja þeir á að nota nútíma upplýsingatækni til þess að tengja betur saman almenning og stjórnvöld, en munurinn liggur í nálguninni. Rafræn stjórnsýsla er rafrænn vettvangur þar sem almenningur leitar til stjórnvalda um upplýsingar og úrlausn sinna mála. Þar er til að mynda boðið uppá rafræn form til þess að sækja um ýmsa hluti hvenær sem er sólarhringsins, eitthvað sem áður þurfti að sækja um skriflega á skrifstofutíma. Svo getur fólk fylgst með gangi sinna mála á netinu og séð hvernig þeim miðar. Önnur virkni er að stjórnkerfið getur nýtt vefinn til þess að leggja fram ýmsar upplýsingar, s.s. fundargerðir og ýmis gögn sem íbúarnir gætu þurft á að halda, og einnig gefa fólki færi á betri tengingum við fulltrúana með því að gefa upp netföng þeirra eða aðrar leiðir til þess að setja sig í samband við þá. Þessari nálgun er lýst sem nálgun *frá toppi og niður*, vegna þess að þarna er það stjórnkerfið sem ræður ferðinni og almenningur leitar liðsinnis þess. Rafrænu lýðræði er hins vegar lýst akkúrat öfugt, sem nálgun *frá botni og upp*. Það er vegna þess að þar er gert ráð fyrir að almenningur komi saman á eigin forsendum til umræðufunda á netinu og ræði málefni sem það hefur áhuga á án þess að stjórnkerfið setji umræðunni nokkurn ramma. Dæmi um svona síður eru E-Democracy.org í Minnesota í Bandaríkjunum og OpenDemocracy.net á Bretlandi.³⁹ Dæmi um rafræn stjórnsýslukerfi má einnig nefna en þau er að finna víða, þar á meðal í mörgum sveitarfélögum á Íslandi.⁴⁰

Allar þessar mismunandi leiðir sem tengja má rökræðulýðræðishugsuninni með einum eða öðrum hætti eru til þess gerðar að virkja almenning betur í því ákvarðanaferli sem verður að eiga sér stað í stjórnun samfélaga. Samkvæmt bandaríska heimspekingnum Joshua Cohen, sem er einn af brautryðjendum hugmyndarinnar um rökræðulýðræði, á sú hugmynd sér einmitt rætur í:

[...] þeirri almennu hugsjón um lýðræðisleg samtök, þar sem réttlætning á skilmálum og skilyrðum samtakanna er fengin með opinberri rökræðu og röksemdafærslu meðal jafnra borgara. Borgarar sem búa við slíkt skipulag skuldbinda sig sameiginlega til að leysa vanda sem varðar val heildarinnar, með opinberri rökræðu og telja

³⁸ Held. (2006). Bls. 249.

³⁹ Held. (2006). Bls. 250.

⁴⁰ Fáein dæmi eru <http://rafraen.reykjavik.is>, <http://minn.gardabaer.is>, <http://ibuagatt.hafnarfjordur.is>, <http://www.skjalfandi.is> og <http://www.sunnan3.is>.

grundvallarstofnanir sínar lögmaetar að því leyti sem þær móta ramma frjálsrar opinberrar umræðu.⁴¹

Þátttakan sem þetta krefst byggir ekki síst á því að hver og einn taki ábyrgð á því hvernig nærsamfélagi hans, landinu, og þess vegna heiminum öllum, er stjórnað. Það er þó sama hversu kerfið er gott því ef að enginn finnur til ábyrgðar þá verður ekkert lýðræðissamfélag í þessum skilningi. En að sama skapi má segja að það er sama hversu fólk er viljugt til að láta gott af sér leiða þegar kerfið er slæmt, því þá koðna allar tilraunir niður og ekkert verður úr neinu. Frumskilyrðið er því að hafa kerfið í lagi, og þá getur virkni borgaranna sveiflast eftir andanum í samfélaginu og eftir því hversu mörg og brýn mál standa óleyst á hverjum tíma.

Í því sem á eftir kemur í þessari ritgerð mun ég lýsa útfærslu á vefhugbúnaði sem ætlað er að vera sú viðbót við núverandi stjórnkerfi sem gert getur Ísland að öflugra og réttlátara lýðræðissamfélagi en það hefur áður verið. Útfærslan er í anda rökræðulýðræðis en hefur þó ekki haft það að fyrirmynd frá upphafi. Hún sækir styrk í reynsluna sem skapast hefur í kring um rökræðukannanir, rökræðudaga og annað sem að sýnt hefur fram á gildi rökræðunnar. Fyrst og fremst má þó segja að hún sé lausn í anda rafræns lýðræðis og sækir eins og það hugmyndir og styrk til reynslunnar sem skapast hefur á undanförmum árum í hnattrænni samvinnu í hugbúnaðargerð.⁴² Þar hefur fjöldi stórra og öflugra forrita orðið til við aðstæður þar sem frjáls þátttaka allra er leyfð og gerð markviss og auðveld.⁴³ Ýmsir staðlar fyrir sjálft internetið, og þar með viðmót þess, hafa til að mynda að hluta verið hannaðir einmitt í slíkri samvinnu.⁴⁴ Þetta er enn fremur útfærsla sem tekur mið af Íslenskum aðstæðum og er fléttuð saman við stjórnkerfið eins og það er í dag. Hugmyndin gengur hjá mér undir nafninu *Hugveitan*. Um hana fjallar næsti hluti.

⁴¹ Sjá Cohen. (1997). Bls. 72. Slík hugbúnaðargerð á sér svo aftur eina fyrirmynd í vinnuaðferðum í akademísku starfi

⁴² Held. (2006). Bls. 249.

⁴³ Afurðirnar eru allt frá stýrikerfum sem komið geta í stað Windows niður í gríðarlegan fjölda smáforrita sem, þrátt fyrir einfaldleika og smæð, geta verið mjög handhæg vegna þess að oft eru einstaklingar með forritunarkunnáttu sem taka það upp hjá sjálfum sér að smíða þau til þess að auðvelda sér ákveðin verk og leyfa svo öðrum að njóta, bæta við og breyta. Sér í lagi gæti ég nefnt OpenOffice sem er ókeypis hugbúnaðarpakki sem á að geta komið í stað Microsoft Office. OpenOffice er smíðað með frjálsri þátttöku allra sem vilja koma að því. Sjá, OpenOffice.org. (2007).

⁴⁴ Jacobs. (2007).

Hluti II:

Hugveitan

- Samstarfsvettvangur þjóðarinnar

6 Vefkerfið Hugveitan

Hugveitan er hugsuð sem opinber samstarfsvettvangur allrar þjóðarinnar á internetinu; vettvangur þar sem allir borgarar landsins hafa tækifæri á að vinna að þeim málum sem þeim eru hugleikin á hverjum tíma, og hafa raunhæfa möguleika á að móta samfélagið allt frá hinu smæsta til hins stærsta; frá lítilsháttar lagfæringum í þjónustu stofnana eða sveitarfélaga til þátttöku í að semja fjárlagafrumvarp, sem dæmi. Það er ekki lítið markmið og við hönnun hennar þarf að taka tillit til margra vandamála sem upp gætu komið. Það er ekki nóg að gera vefsíðu sem er samstarfsvettvangur heldur þarf síðan að vera aðgengileg, vinnusparandi og opna handhæga möguleika sem ekki voru fyrir hendi áður. Hún þarf að vera þannig úr garði gerð að fólk sækist í að vinna á henni og því má heldur ekki myndast á henni slík örtröð að það komi niður á eiginleikum hennar og flestallir, nema e.t.v. einhver einsleitur hópur fólks, gefist uppá að nota hana. Hún þarf að vera opin öllum alltaf en má þó ekki leggja kvaðir á hendur almennings um þátttöku, þ.e.a.s. hún þarf að laða fólk að sér út á það hvað hún er en ekki út á það að þar neyðist fólk til þess að halda uppi hagsmunagæslu – svo dæmi sé tekið. Umfram allt þarf hún að vera í sífelldri þróun og uppbyggingu eins og aðrir þættir samfélagsins; þróun að frumkvæði og samkvæmt hugmyndum þeirra sem kost eiga á að nota hana, rétt eins og við á um allt samfélagið.

Hugveitan þarf að ýta undir lýðræðislega samfélagsvitund borgaranna með því að þeir viti af eigin reynslu að þar geti þeir haft góð áhrif á samfélag sitt, sér og öðrum til hagsbóta. Þar á samfélagið að geta stillt saman strengi sína og náð breiðri samstöðu um mál með verkfærum rökræðunnar. Þrátt fyrir alla þá kosti sem æskilegt er að Hugveitan hafi, á hún ekki að koma í staðinn fyrir neitt sem fyrir er, heldur væri hún hrein viðbót og ryddi engu frá sér nema því sem að einfaldlega nýttist ekki lengur. Að standa á kassa á Austurvelli og tjá mönnum skoðanir sínar mundi hafa sama gildi áfram og það hefur í dag, og það sama má segja um greinar í blöðin. Það gæti þó farið svo að fólk velji fremur Hugveituna vegna þess að þar sé kraftur orðanna meiri og líkurnar á raunverulegum áhrifum á stjórnvaldsstefnu einnig. Hér á eftir fylgja þeir eiginleikar sem m.a. eiga að stuðla að þessu.

6.1 Eiginleikar og virkni

Aðalvirkni Hugveitunnar er að tengja saman fólk á markvissan hátt með það að markmiði að vinna í sameiningu og á ábyrgan og skilvirkan hátt að samfélagslegum viðfangsefnum sem liggja nærri hjarta þess, kunnáttu eða reynslu. Þetta val á

viðfangsefnum er fólki gert kleift með því einmitt að Hugveitan er hrein viðbót við stjórnkerfið eins og það er í dag og því engin *aukin þörf* á að taka virkan þátt í stjórnmalalegu starfi til þess að ekki sé gengið framhjá manni og hagsmunum manns eftir að hún væri komin í gagnið. Þar verða hins vegar *stórauknir möguleikar* til þátttöku sem svo aftur er líklegt til þess einmitt að virkja fleiri.

Þessir auknu möguleikar felast í farvegi á internetinu þar sem borgararnir geta sett sjónarmið sín fram og hannað, í samvinnu við aðra, fullbúna lausn sem stjórnkerfið þyrfti svo að taka afstöðu til nái hún alla leið inn á borð þess. Allt vinnuferlið væri auk þess mjög gagnsætt, því hægt væri að nálgast allar umræður um einstök mál frá fyrstu skrefum til þeirra síðustu og sjá hver sagði hvað og hvenær. Það væri því fólki mikilvægt að hegða sér á ábyrgan hátt til þess að byggja upp og viðhalda góðu orðspori, en engin ástæða væri til dæmis til þess að líta á Hugveituna sem léttvægari vettvang en ræðustól Alþingis því að umræðan á Hugveitunni hefði í raun mörg sömu markmið – t.d. að fá sem flest sjónarmið fram og leiða mál til lykta – bara á mun stærri fundi.

Eitt sértilvik niðurstaðna á Hugveitunni – og kannski einmitt það mikilvægasta – væri það að koma frumvarpi til afgreiðslu á Alþingi. Í því tilviki gætu flest deilumál sem upp gætu komið um það mál hugsanlega verið leyst meðal þeirra sem unnið hefðu að verkefninu á Hugveitunni áður en frumvarpið kæmi á dagskrá Alþingis og því væri búið að afgreiða á Hugveitunni mikið af þeirri umræðu sem annars færi fram í þingsal. Þingmenn hefðu þá tækifæri á að kafa enn dýpra í sínum umræðum eða gætu tekið afstöðu til málsins tiltölulega auðveldlega, sér í lagi ef það er sett fram á röklegan, skýran og tæmandi hátt. Séu mál illa unnin gæti reynst þinginu erfðara að samþykkja þau því að eitt af því sem fylgja mundi Hugveitunni væri vefviðmót þar sem þingmönnum væri ekki aðeins gert kleift heldur litið á það sem starfskyldu þeirra að setja inn stuttan skriflegan rökstuðning fyrir hverju atkvæði sínu innan ákveðins tíma frá því atkvæðagreiðslu líkur á þingi. Þetta væri almenningi mjög gagnlegt til þess að meta störf einstakra þingmanna auk þess sem þetta ætti ekki að reynast þingmönnum erfitt eftir að hafa gert upp við sig hvernig þeir láta atkvæði sitt falla. Þetta mundi auka gagnsæi verulega án mikils tilkostnaðar og geta gefið mun gleggri upplýsingar heldur en atkvæðið eitt og sér getur gefið.

Allir þeir sem starfa að málefnum samfélagsins í dag, til dæmis inni á Alþingi, í ráðuneytunum og annars staðar í stjórnkerfinu, hefðu aðgang að Hugveitunni og gætu unnið að málum þar. Það er því engin þekking sem nú er til staðar meðal þeirra

sem starfa innan stjórnkerfisins sem ekki væri einnig til staðar hjá þeim sem aðgang hefðu að Hugveitunni. Það er hins vegar mikil þekking og reynsla sem ekki er til staðar innan stjórnkerfisins sem að til staðar gæti verið á Hugveitunni. Á Hugveitunni gæti komið saman öll sú reynsla og öll sú þekking sem almenningur býr yfir. Þarna hefðu allri tækifæri til þess að yfirfæra sína reynslu og sína þekkingu yfir á samfélagsleg málefni í samstarfi við alla sem áhuga hefðu á málum og til hagsbóta fyrir allan almenning, því að slíkar tillögur eru þær sem fulltrúarnir innan stjórnkerfisins ættu að passa uppá að helst fái samþykki. Meginregla fulltrúanna væri að stöðva mál þar sem rökstuðningur væri ekki sannfærandi eða þar sem sýnt þætti að þau mundu hygla um of sérhagsmunum jafnvel þó að stór hópur stæði að þeim. Það mundi svo aftur hjálpa til við að skapa umræðuhefð í anda rökræðulýðræðis enda undirstrikar rökræðuhugmyndin það að „[...] sameiginlegt val á að byggja á rökræðu, ekki aðeins því að valkostirnir falli vel að forgangsröðun borgaranna.“⁴⁵ Þetta er lyklatríði til að átta sig á, því þetta byggir á og gerir ráð fyrir að forgangsröðun borgaranna geti breyst með rökræðunni og eftir því sem að umræðan verður upplýstari. Það er einnig ástæðan fyrir að betra er að setja upp samstarfsvettvang fyrir borgarana heldur en að leggja áherslu á að þeir fái að greiða atkvæði um sem flest mál. Rökræðulýðræðið gerir ráð fyrir að réttlætning ákvarðana liggi í heilsteyptum rökstuðningi, en samkvæmt hugmyndafræðinni eru niðurstöður „... þá og því aðeins lýðræðislega lögmætar að þær geti verið viðfang samkomulags á milli jafninga sem er í senn frjálst og rökstutt.“⁴⁶ Hugveitan er einmitt vettvangur þar sem fólk hefði full tækifæri til þess að vinna að slíku. Umræðan á hverjum tíma tæki þó einfaldlega mið af og væri mælikvarði á hvers konar umræðu þjóðfélagið réði við og sæi sér hag í þegar á heildina er litið.

Til viðbótar við það sem þegar hefur verið nefnt má benda á enn eitt í tengslum við Hugveituna sem að hvetti fólk til þess að vera á röklegum nótum, en það er að stór hópur fólks – sem verið getur mjög ósamstæður enda þátttaka á Hugveitunni almennt séð algerlega frjáls og án takmarkana – þarf að vinna að því sameiginlega, á jafnréttisgrundvelli og fyrir opnum tjöldum að finna útfærslu á hugmynd og framsetningu á henni sem að sannfært getur fulltrúana í stjórnkerfinu til þess að hugmyndin geti komist í framkvæmd. Þetta er tryggt með því að gert er ráð fyrir a.m.k. þremur síum á leið hugmyndar í gegnum Hugveituna og inn á borð

⁴⁵ Cohen. (1997). Bls. 74.

⁴⁶ Cohen. (1997). Bls. 73.

ákvörðunarvaldsins. Þær eru einmitt hugsaðar sem hluti af ákvörðunarferlinu þannig að mikilvægustu málin nái fyrst fram, þau séu vel unnin allt til enda og að nokkur samstaða ríki um þau áður en þau koma inn á borð ákvörðunarvaldsins. Hvernig það virkar nákvæmlega er lýst í kafla 6.2.1.

Þar sem ferli mála inni á Hugveitunni er opið aflestrar og öllum frjálst að taka þátt þýðir ekkert annað en að koma hreint fram og ekki væri heldur auðvelt að skipuleggja nein óheilindi vísitandi í sameiningu öðruvísi en að einhver bendi á það við vinnslu verkefnisins og fulltrúarnir hafi því tækifæri á að sjá í gegnum allt saman. Vegna hindrana kæmust hugmyndir ekki inn á þeirra borð fyrr en viss fjöldi borgara hefði lýst málið tilbúið til þess. Þessar hindranir þarf að hanna þannig að ekki verði óvinnandi vegur að koma góðum hugmyndum inn á borð ákvörðunarvaldsins en þó með það stöngum hætti að málin geti ekki farið leynt í samfélaginu, þ.e.a.s. að fjölbreyttur hópur sé líklegur til þess að hafa frétt af þeim og getað kynnt sér þau áður en að nægur fjöldi hefur veitt þeim sitt brautargengi. Þannig gætu félagsmenn ýmissa hagsmunahópa, áhugahópa og stjórn málaflokka beitt sér kröftuglega innan Hugveitunnar en þó gætu þeir ekki haft neitt raunverulegt vald innan Hugveitunnar sem slíkrar annað en það sem liggur í þekkingu og rökstuðningi því þeir þyrftu að safna nógu mörgum einstaklingum á bakvið niðurstöðuna til þess að hún nái fram að ganga.⁴⁷ Það dugar heldur ekki að þröngur hópur innan fjöldasamtaka ákveði eitthvað í nafni félaganna því að félagsmenn og hugsanlega aðrir þyrftu að vera fylgjandi málum persónulega til þess að greiða þeim atkvæði sitt. Það væri því erfitt að mynda bandalög utanum annað en stuðning við hvert og eitt málefni á forsendum þess, en þó í samhengi við annað í samfélaginu ef að nógu breiður hópur kemur að hverju máli. En jafnvel þó að einstök mál kæmust í gegn af hreinu hagsmunapotí og án þess að hlustað sé á gild sjónarmið minnihluta þá er gert ráð fyrir óbreyttu⁴⁸ kerfi fulltrúa frá því sem er í dag til þess að passa enn frekar uppá samhengi hlutanna og taka lokaákvörðun. Það er því engin áhætta tekin með því að setja upp kerfi sem þetta, einungis hugsanlegur og jafnvel mjög líklegur ávinningur.

⁴⁷ Engan er hægt að útiloka frá þátttöku og því erfitt að mynda einsleita hópa þegar umræðan er skipulögð í kringum málefni en ekki sérstaklega fyrir hópa sem vinna vilja saman. Hugmyndin er jú sú að öll sjónarmið sem uppi eru í samfélaginu geti komið fram með jafngildum hætti. Skilyrði þess að mál fari áfram gæti því verið bundið stuðningi ákveðins hluta atkvæðisbærra manna auk stuðnings viss hlutfalls þeirra sem skráð hefðu sig til vinnu í verkefninu. Nákvæm útfærsla á þessu er þó eitthvað sem yrði að fá að þróast með hliðsjón af þeim markmiðum að fólk sjái það sem raunhæfan möguleika að koma málum áfram á Hugveitunni og að tillit þurfi að taka til sem flestra sjónarmiða í samfélaginu.

⁴⁸ Hvernig að kjöri fulltrúa er staðið er ekki til umræðu í þessari ritgerð, það hefur þó mikil áhrif á hversu *lýðræðislegt* stjórnkerfið reynist.

Fulltrúarnir væru þó ekki eina trygging almennings því að Hugveitan mundi skapa fjölmiðlum mikil tækifæri til þess að fylgjast með og upplýsa fólk um hagsmunamál þess. Þar að auki væri hver og einn einstaklingur í góðri aðstöðu til þess að fylgjast með og láta aðra vita ef honum finnst eitthvað athugavert, þó svo að tími sé vissulega takmarkandi þáttur fyrir einstaklingana hér rétt eins og í beina lýðræðinu, en á móti kemur að ef hver og einn fylgist með þeim sviðum sem hann hefur áhuga á, eða þar sem hann telur sig hafa mestra hagsmuna að gæta, þá ætti ekkert misjafnt að geta komist alla leið í framkvæmd átölulaust. Eftir sem áður verða það jú fulltrúarnir sem bera ábyrgð á endanlegum ákvörðunum. Aðalmálið er bara að eftirlitið sé fjölbreytt svo að ekki þrífist spilling eða ofríki heldur komi fjölbreytt viðhorf og fjölbreyttir hagsmunir að málum í eftirlitinu eins og í öðru. Allt, jafnt í uppbygginu og hönnun Hugveitunnar sem og það efni sem þar birtist, þarf því að vera opið og gagnsætt. Það ætti að vera eitt helsta markmiðið, enda þarf ríkar ástæður til þess að leyna eða hafa aðgang að upplýsingum takmarkaðan fyrir almenningi; sjálfum félagsmönnum í samfélaginu. Þær ástæður eru þó vissulega til, s.s. vegna persónuverndarsjónarmiða. Með hliðsjón af uppsprettu valdsins ætti óheftur aðgangur að upplýsingum þó að vera meginregla og ef bregða á út af henni þarf almennan eða sértækan rökstuðning og rétt að hann liggi ljós fyrir.

6.2 Vinnuferlin

Þó svo að stefnurnar sem mál gætu tekið innan Hugveitunnar séu fjölmargar tel ég það ekki þjóna tilgangi þessarar ritgerðar að tíunda þær allar og útfærslur þeirra hér, enda geri ég mér engar vonir um að sjá allt fyrir í þeim efnum. Hugveitan á í eðli sínu að vera lifandi fyrirbæri sem þróast og þroskast eins og samfélagið allt og því munu þessi vinnuferli þar taka breytingum eins og allt annað. Það sem ég ætla mér hins vegar í þessum kafla er að útskýra tvo meginstrauma sem hægt væri að fara eftir inni á Hugveitunni. Þann fyrri kalla ég *virkJun hugmynda* en þann síðari *fyrirspurnir*. Til einföldunar mætti líkja þessu við úrræði þingmanna á Alþingi sem geta reynt að virkja hugmyndir sínar með framlagningu frumvarpa og geta einnig fylgst með gangi mála hjá framkvæmdavaldinu með fyrirspurnum til ráðherra.

6.2.1 Virkjun hugmynda


Tilgangurinn með því að tengja saman fólk á Hugveitunni er ekki síst sá að virkja hugmyndir sem liggja meðal fólks en fá jafnvel ekki útrás í núverandi kerfi. Hér á ég við allar tegundir hugmynda og sjónarmiða; nýstárlegar sprotahugmyndir jafnt sem

íhaldssöm sjónarmið. Allar hugmyndir væri hægt að leggja fram á Hugveitunni til upplýsingar fyrir samborgara sína eða til að sannfæra þá um ágæti þeirra, en e.t.v. alltaf í þeirri von að eitthvað geti orðið úr þeim. Ferlinu sem vinnsla hugmyndanna fylgir er skipt upp í þrjú stig sem hvert um sig gerir meiri kröfur en það næsta á undan en opnar jafnframt meiri möguleika og fleiri tæki til vinnslu hugmyndanna. Á fyrstu stigum er hægt að vinna að hugmyndunum í litlum hópum þrátt fyrir að undirtektirnar séu ekki miklar en eftir því sem þær komast lengra þurfa fleiri að koma að þeim og gefa þeim samþykki sitt. Það er því á hverju stigi eitt af markmiðunum að komast að niðurstöðu sem hentar til þess að koma umfjöllunarefninu uppá næsta stig og er lokatakmarkið að hópur skili af sér niðurstöðu sem getur verið á hverju því formi sem hentar. Slíka niðurstöðu fengju svo viðeigandi aðilar í stjórnkerfinu inn á borð til sín og yrðu að taka opinbera og rökstudda afstöðu til. Sem dæmi er skýringarmynd af ferli lagafrumvarps teiknað upp á Mynd 1.

Fyrsta stig: Þjóðfundur

Fyrsta stigið má líta á sem opinn og samfelldan þjóðfund þar sem orðið er laust fyrir hvern þann sem vill tjá sig, hvenær sem er sólarhringsins. Þess fyrir utan þá geta allir talað í einu án þess að það saki nokkuð því umræðan skráist bara í gagnagrunn og bitist lesendum í röð og reglu eftir óskum hans. Þetta er auðvitað ekkert nýmæli fyrir þá sem notað hafa internetið til þess að taka þátt í spjallþráðum eða bloggi svo að dæmi séu nefnd, en þetta er einn af möguleikum vefkerfa og ein af ástæðum þess að það form hentar vel til að bæta stjórnkerfi ríkis eins og Íslands og gera það lýðræðislega.

Til viðbótar við almennt spjall undir nafni væri gert ráð fyrir markvissari leiðum til þess að koma málefnum uppá næsta stig og á endanum í framkvæmd. Í því tilliti er gert ráð fyrir þremur gerðum af innleggjum: (1) lýsingu á viðfangsefni, (2) greiningu á viðfangsefni og (3) tillögu að framkvæmd. Út úr almenna spjallinu gæti því sprottið lýsing á viðfangsefni sem einhverjum finnst þurfa að takast á við, jafnvel greining á því eða tillaga að einhverju sem gera megí varðandi það, s.s. breyta lögum, breyta starfsaðferðum, framkvæma rannsókn eða hvaðeina. Gert er ráð fyrir að innlegg sem þessi væru á formi greina og svargreina fremur en hefðbundinna spjallþráða þannig að stuttar athugasemdir sem fólk vildi setja við hverja grein og ekki væru endilega mikilvægar fyrir framgang verkefnisins væru settar inn sérstaklega til hliðar en ekki inn í flæði greinanna.



Mynd 1 Skýringarmynd af ferli lagafrumvarps frá almennri þjóðfélagsumræðu yfir í samþykkt lög.

Til þess að halda umræðum um sama málefni enn frekar saman þyrfti að bjóða uppá að sameina umræður – og reyndar einnig greina í sundur þegar það á við. Þetta er vinnulag sem m.a. er þekkt af samvinnuverkefninu Wikipedia.⁴⁹ Eins og þar, gæti einhver einfaldlega gert tillögu að því að ein umræða sé í raun samhangandi með einhverju sem fyrir er. Við því mætti bregðast með því að senda þátttakendum umræðunnar tilkynningu og þeir hefðu þá möguleika á að tengja þær, en ef að þeir gerðu það ekki hefði „samfélagsleg ritstjórn“ Hugveitunnar möguleika á því með

⁴⁹ Wikipedia (e.d.).

þeim hætti að nógu margir væru sammála þeirri flokkun og létu það í ljós með atkvæði sínu. Mikilvægt væri þó að slóð allra slíkra breytinga væri aðgengileg og gagnsæ þannig að ekki sé hægt að misnota virknina til þess að fela eða eyðileggja ákveðnar umræður öðruvísi en að minnsta kosti sé hægt að benda á það og upplýsa.

Eins og áður segir mætti hugsa sér að fyrir utan greinar og svargreinar væri hægt að skrifa stuttar athugasemdir við hverja grein eins og víða er boðið uppá á bloggi. Það sem væri þó jafnvel enn gagnlegra er að hafa möguleika á að gefa einkunnir á fjölbreyttan hátt, s.s. fyrir rökvisi, hlutlægni, skipulag texta, frumleika hugmyndar, mikilvægi viðfangsefnis og ýmislegt annað. Slíkar upplýsingar mætti taka saman tölfraðilega án þess að lesa allar athugasemdirnar. Einkunnagjöfin gæti svo líka verið gagnleg fyrir fólk til þess að átta sig á hvað það vill helst lesa og getur þá leitt til þess að fólk vandi framsetningu m.t.t. þeirra einkunna. Margir mundu fylgjast með og lesa nýjustu innlegg og um leið og þeir færu að gefa þeim einkunnir geta þau átt möguleika á að fíkra sig upp stigann yfir mest áriðandi eða framsæknustu hugmyndirnar þar sem enn fleiri lesendur eru að öllum líkindum að fylgjast með. Út frá svona upplýsingum mætti einnig greina hvort að einhver sérstök málefni séu útundan og reyna að greina hvers vegna. Alla þessa lista gæti svo hver og einn vakt að eftir eigin áhugasviðum og á einfaldan hátt með forritum sem vakt að geta RSS veitur.⁵⁰ Þar með kæmi alltaf tilkynning inn á tölvu hvers notanda um efni sem honum finnst líklegt að vekji áhuga sinn og engin þörf á að vera sífellt að fara inn á Hugveituna til þess að kanna málið.

Ef að fólk sæi eitthvað sem betur mætti fara í samfélaginu án þess að festa endilega alveg hendur á hvað það er nákvæmlega sem er rót meinsins þá setti það inn lýsingu á viðfangsefni (1). Í framhaldinu geta aðrir komið með greiningu (2) eða beint með tillögu að lausn (3). Þó svo að mál geti farið frá (1) til (3) á rökrænan hátt þá er ekkert því til fyrirstöðu að koma beint með tillögu (3). Þeir sem sammála væru því að taka þurfi á því sem bent er á, eða sammála um tillögu að lausn, gætu látið þá skoðun í ljósi með því að greiða því atkvæði sitt og reynt þannig að koma því á næsta stig eða vekja athygli fleiri á því. Sem dæmi mætti hafa það þannig að þeir sem lesa innleggið hefðu kost á að gefa því vægi á bilinu 1-5 hversu mikilvægt er að halda áfram með umrætt málefni. Lista yfir þau málefni sem almenningur gæfi mest vægi væri svo

⁵⁰ Flestir vafrar eru núorðið farnir að geta hagnýtt RSS veitur en dæmi um sjálfstæð forrit eru: SharpReader (<http://www.sharpreader.net/>), Akregator (<http://akregator.kde.org/>) og NetNewsWire (<http://www.newsgator.com/Individuals/NetNewsWire/>)

aðgengilegur einhvers staðar á vefsvæðinu.⁵¹ Sér listi gæti verið fyrir hverja gerð af innleggjum þannig að menn geti fylgst sérstaklega með nýjum tillögum sem koma inn til þess að leggja dóm á þær eða sérstaklega með aðkallandi viðfangsefnum sem að menn geta þá spreytt sig á að leysa. Inni á heimasvæði hvers og eins gætu svo verið listar sem að sýndu stöðuna á hans hjartans málum; einhverju sem viðkomandi væri búinn að merkja við að væri honum mikilvægt eða hann hefði sett inn sjálfur. Alla lista á borð við þessa væri hægt að efnisvakta með RSS vöktunarhugbúnaði til þess að minnka álag á þá sem vilja vera virkir á Hugveitunni.

Þrátt fyrir lítilsháttar mun er formið á umræðunni eins og það er hugsað fyrir Hugveituna ekki ólíkt spjallþráðum en þó ættu einkenni umræðunnar að geta verið töluvert önnur. Tvennt er þar helst. Annað er að úrræðaleysi ætti ekki að ríkja heldur eru markmiðin skýr og raunverulegur og skýr farvegur fyrir mál úr almennri umræðu og inn á borð valdhafa, en hitt er að allir mundu skilyrðislaust skrifa undir sínum eigin nöfnum og á það við hvort sem að menn eru í forsvari fyrir einhver samtök, í umboði einhverra fyrirtækja, starfandi hjá hinu opinbera eða hvaðeina. Saga hvers notanda væri bundin við hann sjálfan frekar en þau hlutverk sem hann kann að taka að sér á hverjum tíma.

Fólk getur litið á það sem svo að það að segja eitthvað á Hugveitunni sé sambærilegt því að tala úr ræðustóli Alþingis; Hugveitan sé í raun *þingsalur þjóðarinnar*, fyrir þjóðina alla til þess að taka til máls en ekki eingöngu fulltrúa hennar. Því fylgir ábyrgð en ætti þó ekki að hefta neinn því að allir hafa jafn mikinn rétt á sínum skoðunum. Æskilegt er þó að fólk sé tilbúið til rökræðu um skoðanir sínar enda Hugveitan ekki einkavettvangur heldur samfélagslegur vettvangur. Með því er ekki sagt að sú rökræða þurfi að vera stíf, leiðinleg eða hamlandi heldur ekkert síður upplýsandi og gefandi. Það fer þó algerlega eftir þjóðinni sjálfri og hvaða mannkostir eru einkennandi hjá henni og því ekkert hægt að segja með vissu til um hvaða umræðuhefð muni skapast þó svo að reynt sé að hvetja til rökræðu. Þar verður í raun hver einstaklingur að hugsa um sína framkomu enda er það framkoman sem byggir upp orðspor þess sem tjáir sig á Hugveitunni sem og annars staðar og ræður miklu um það hve þungt orð manns vega. Þar sem upplýsingarnar á Hugveitunni eru varanlegar má búast við því að þeir sem tryggir eru rökræðunni og þekkingu hafa á rökgreiningu – efni sem allir geta kynnt sér – hafi ráðrúm til þess að fletta ofan af rökvillum og sér í

⁵¹ Ýmsar aðferðir er hægt að hugsa sér við að ákveða hvað fengi mest vægi. Þjóða mætti uppá að raða eftir þeim öllum. Um mismunandi talningar- og kosningaraðferðir sjá t.d. Björn S. Stefánsson. (2003).

lagi meðvitaðri eða ómeðvitaðri mælskulist og áróðri. Að þessu leyti yrði umræðan ólík umræðum í fjölmiðlum í dag þar sem gefinn er mjög takmarkaður tími fyrir hvert efni og sjaldnast komist að niðurstöðu. Niðurstaðan er einmitt markmið hvers einasta stigs umræðunnar á Hugveitunni því að með niðurstöðu er hægt að vinna málið áfram.

Þegar tillagar er komin fram á fyrsta stigi að því hvernig halda megi áfram með viðfangsefnið gefst kostur á að styðja hana með atkvæði eða koma með gagntillögu. Ekki væri um atkvæðagreiðslu á einhverjum ákveðnum degi að ræða heldur mundi skipta máli uppsafnaður stuðningur við tillöguna. Fram að þeim tíma sem tillagan næði lágmarkinu gæti hver og einn því dregið stuðning sinn til baka ef honum sýndist svo og gæti fylgst með lista yfir þær tillögur sem hann styddi og hversu nálægt þær væru því að ná yfir þröskuldinn.

Annað stig: stefnumótun og undirbúningur verkefna

Þegar safnast hafa upp nógu mörg atkvæði sem lýsa yfir stuðningi við ákveðna tillögu kemst hún uppá annað stig. Á því stigi er fundið út hverjir eru raunverulega tilbúnir að leggja vinnu í tillöguna og hvaða stefnu eigi að taka með hana. Í flestum tilfellum þyrfti þetta ekki að vera langt ferli. Menn mundu bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa og kosið væri um þær stöður þar sem þess þyrfti. Ábyrgðarstöðurnar settu menn í raun ekki í neina betri stöðu til þess að vinna að málunum en þeim sem þær hlytu væri ætlað að passa uppá að tímasetningar og önnur formlegheit standist. Hver réttindi og skyldur ábyrgðarmannanna væru mætti reyndar ákveða á þessu stigi fyrir hvert verkefni fyrir sig. Til dæmis ef að verkefni hefði úr einhverjum fjármunum að spila, hvort að einn maður hefði þá yfirumsjón með því eða hvort að allar ákvarðanir um fjárútlát væru teknar með sameiginlegri ákvörðun. Ef tímamörk eru sett á verkefnið í heild mætti setja þau hér en þau væru þó endurskoðanaleg seinna. Saga allra slíkra breytinga væri þó geymd til þess að geta metið framgang verkefna og borið saman við upphafleg plön. Einn af þeim mörgu listum sem að vakta mætti í kerfinu gæti sýnt verkefni sem farin eru að nálgast skiladag og einnig þau sem að komin eru framyfir. Það má svo skoða í ljósi þeirrar virkni sem er í verkefninu og fylgjast þannig með hvort að verkefni sofni. Menn gætu þá af ábyrgðartilfinningu brugðist við og reynt að blása lífi í þau aftur sé það þeirra sannfæring að klára þurfi verkið.

Ef að upphafleg tillaga væri ekki þeim mun nákvæmari þá gæti farið töluverður tími í það hér að móta hlutverk og stefnu verkefnisins. Eftir að stefnan væri síðan ákveðin bæri að taka tillit til hennar við vinnslu verkefnisins, þó svo að hún geti

verið endurskoðanaleg með ákvörðun hópsins. Vilji menn fara aðrar leiðir er alltaf sá kostur að leggja til að stofnað sé annað verkefni um sama viðfangsefni en með aðra stefnu. Þar með gæti orðið samkeppni um að koma fram með bestu lausnir. Þar yrði svo enn frekari hvati til rökstuðnings því hann væri mikilvægur til þess að bera lausnirnar saman. Einhverju væri fórnað af fjölhyggjuhugsjóninni með því að skipta hópnum upp í stað þess að láta alla komast að sameiginlegri niðurstöðu en það væri þá ákvörðunarvaldsins að meta með því að bera niðurstöðu hópanna saman hvort að gengið er á rétt einhverra með því að taka eina niðurstöðu fram yfir aðra. Í einhverjum tilfellum væri ekki um það að ræða og gæti það sérstaklega átt við um mál þar sem kannaðar eru tvær eða fleiri ólíkar leiðir að sama marki og ágreiningurinn er tæknilegs eðlis en til að mynda ekki siðferðislegs. Málið væri sem sagt ekki þess eðlis að mikilvægt væri að komast að sameiginlegri niðurstöðu um aðferð því að markmiðin væru samræmanleg eða þau sömu. Þá gæti þingheimur ákveðið að velja eina lausn óbreytta eða með einhverjum breytingum sem ættu sér stað í meðförum þingsins þegar lausnirnar væru bornar saman. Ef þingheimur sæi að lausnirnar tækju ekki nægjanlegt tillit til sjónarmiða hinna gæti hann mælst til þess að hóparnir sameinuðust um eina niðurstöðu og reyndu aftur að koma henni fyrir þingið. Það væri þá á þessu stigi sem ferlið mundi byrja aftur og verkefnin væru sameinuð. Þegar samstaða er svo orðin um hver tilgangur og stefna verkefnisins er gæti verkefnið flust aftur uppá þriðja stig.

Þriðja stig: Fullvinnsla verkefna

Á þriðja og síðasta stiginu þarf að opnast fyrir fullbúið verkefnaumsýslukerfi með sér spjallþráðum, fjarfundamöguleikum, skráasöfnum, tímaskráningarkerfi, verkefna-áætlunarkerfi, listum yfir fyrirliggjandi verkþætti (svokallaðir todo-listar) og öllu því helsta sem slík kerfi þurfa að hafa uppá að bjóða til þess að fólk noti þau.⁵² Kerfið þyrfti sér í lagi að ráða við tvenns konar verkefnastjórnun: Annars vegar þar sem allir ráða jafnt og hins vegar þar sem einhver verkefnastjóri hefði yfirlit yfir mannskap.

Fyrri verkefnastjórnunartæknin væri hugsuð fyrir almenn verkefni sem farið hefðu hefðbundna leið gegnum fyrri stig Hugveitunnar. Hugmyndir að nákvæmri útfærslu mætti sækja til verkefna sem vinna í þeim anda, s.s. wiki – sem er hugmyndafræði sem gengur út á að allir geti stjórnað efni á síðum í sameiningu, en

⁵² Örfá dæmi um kerfi sem hafa mætti til hliðsjónar eru: <http://ajaxworkspace.com/>, <http://www.project.net/>, <http://www.eproject.com/> og <http://www.epiware.com/>.

þekktasta dæmið um slíka síðu er alfræðiorðabókin Wikipedia.⁵³ Fleira sem mætti líta til er „open-source“ hugbúnaður og það hvernig ýmsir staðlar á internetinu verða til með samvinnu.⁵⁴ Ekkert af þessu væri samkvæmt minni vitneskju hægt að herma alveg eftir en þarna býr reynsla sem sjálfsagt væri að nýta við nákvæma útfærslu. Enn eitt dæmið er að þegar kæmi að því að úthluta verkþáttum mætti til dæmis nota sömu tækni og vefsíðan <http://www.libriVox.org> notar. LibriVox er vefsíða þar sem hægt er að nálgast ókeypis upplestur úr bókum sem ekki eru varðar höfundarétti. Það sem er sérstakt við hana er að sjálfboðaliðar taka að sér að lesa heilar bækur eða kafla úr bókum og senda inn á vefinn. Þar eru bara skilgreindir verkþættir og svo skrá menn sig á verk og taka þau að sér að eigin frumkvæði, opið öllum.⁵⁵ Þar er gefin upp þrenns konar staða á verkum: laust, úthlutað og lokið. Svipaða leið mætti fara á Hugveitunni en bæta því hugsanlega við að gefa verkþáttum tímamörk þannig að þeir dagi ekki uppi og óvissa sé um verklok og einnig svo að hægt sé að skipuleggja fram í tímann þá þætti sem að treysta á að öðrum verkþáttum sé lokið. Ýmis upplýsingaöflun getur virkað sérstaklega fljótt og örugglega á þennan hátt því þá taka menn að sér það sem þeir þekkja best og þá er einmitt líklegt að alltaf sé einhver sem þekkir vel til á hverju sviði þegar jafn margir áhugasamir eru komnir á bakvið mál og þarf til þess að koma þeim á þetta stig. Sumum verkþáttum gæti þó þurft að úthluta með kosningu innan nefndarinnar eða taka þyrfti ákvörðun um hvort að leita eigi til fagaðila og þá hvernig eigi að fjármagna það. Ekkert væri því til fyrirstöðu að Alþingi úthlutaði einhverjum peningum á fjárlögum til nefndavinnu á Hugveitunni en jafnframt gætu einstaklingar, fyrirtæki, stjórnmalaflokkar og almenn félagasamtök ákveðið að styrkja vinnu þar. Í því eins og öðru á Hugveitunni væri gagnsæi í hávegum haft.

Seinni verkefnastjórnunartæknin væri hugsuð til að mæta þörfum stjórnsýslunnar. Til að auka gagnsæi í stjórnkerfinu og í allri ákvarðanatöku mætti stefna að því að sem flestir opinberir aðilar notuðu Hugveituna sem sitt verkefnaumsýslukerfi og ynnu sín verkefni fyrir opnum tjöldum þar. Þetta á að sjálfsögðu ekki við um öll verkefni og allar stofnanir en mundi henta sérstaklega vel fyrir ýmsar nefndir og starfshópa sem oft eru sett á stofn, til að mynda af ráðuneytum og sveitarstjórnnum. Starfsmenn stofnananna hefðu þá heimild til þess að stofna slík verkefni og koma þeim beint á þriðja stig og þyrfti ekki að safna stuðningi við þau frá

⁵³ Encyclopædia Britannica. (2007).

⁵⁴ Sjá t.d. <http://www.apache.org/>, <http://sourceforge.net/> og Jacobs. (2007).

⁵⁵ Sjá nánar, LibriVoxWiki. (2007).

samfélaginu heldur gætu þau verið unnin á nákvæmlega sama hátt og áður nema í nánari tengslum við borgarana og með möguleika á nánara eftirlit af þeirra hendi. Verkefni gætu hins vegar alveg verið opin fyrir almenning að vinna í rétt eins og önnur verkefni en þó gætu þau einnig verið að mestu lokað fyrir slíku, þ.e.a.s. að öllu öðru leyti en því að allir gætu sett athugasemdir við allt sem þar er inni. Lesaðgang ætti aftur á móti að vera erfiðara að takmarka og þyrfti þar sérstakan opinberan rökstuðning til. Að banna takmarkanir á lesaðgangi alveg gæti leitt til þess að erfiðara væri að flytja öll verkefni inn á Hugveituna og þá væri aftur hættan á því að stofnanirnar vildu ekki vinna í tvöföldu kerfi og engin vinna færi út á Hugveituna. Það er því rétt að stíga varlega til jarðar í þessum efnum þó svo að hugmyndafræði Hugveitunnar gangi út á að almenningur eigi að hafa gott aðgengi að sem mestum upplýsingum. Það er í það minnsta betra að hafa þann möguleika opinn og geta haldið utanum tölfraði yfir það hvernig mismunandi stofnanir væru að nýta sér möguleikana á að takmarka aðgang heldur en að ekkert frá þeim væri inni í kerfinu.

Þó svo að möguleikar internetsins séu miklir í að auðvelda samvinnu fólks á dreifðu svæði þá missa samskiptin maður á mann ekki gildi sitt. Það má því alveg gera ráð fyrir að hópar vilji hittast til að ræða ákveðin mál og ekki nema eðlilegt að það sé gert. Slíka fundi væri hægt að taka upp og geyma sem myndband inni á Hugveitunni. Tvær ástæður eru fyrir því sérstaklega: Annars vegar er Ísland dreifbýlt og ekki hægt að gera ráð fyrir að allir sem vilja geti af þeim ástæðum komist á slíkan fund, þ.e.a.s. ójöfn tækifæri út frá búsetu, en hins vegar eiga allir að geta byrjað hvenær sem er að taka þátt í verkefnum og því gott fyrir þá að geta séð allt sem á undan er gengið hvort sem það er á formi skrifa eða hljóð- og myndefnis. Aðstöðu til fundarhalda sem þessara gæti ríkið byggt upp á höfuðborgarsvæðinu og út um land gætu sveitarfélög boðið uppá einhverja aðstöðu sem hæfir stærð sveitarfélagsins. Á þessum stöðum væri fjarfundarbúnaður til staðar og allt sem til þarf svo að efnið geti farið inn á réttan stað á Hugveitunni svo til sjálfkrafa og án nokkurrar sérstakrar tölvukunnáttu þeirra sem fundinn halda. Þessa sömu aðstöðu gætu þing og sveitarstjórnir nýtt sér til þess að funda og geta sent fundi beint út á internetið þegar það á við.

Þegar þátttakendur verkefnisins hafa komist að niðurstöðu á þriðja stigi ferlisins væri opnað fyrir almenna atkvæðagreiðslu um það hvort að afgreiða eigi málið frá Hugveitunni í þeim búningi sem það er eða ekki. Þar mundi gilda að ákveðið hlutfall þeirra sem þátt tóku í vinnslu verkefnisins og ákveðinn fjöldi

landsmanna þyrfti að vera fylgjandi því svo að það fari áfram. Engin ástæða er til þess að hafa þröng tímamörk hér frekar en á öðrum þröskuldum í ferlinu. Málefni verða að geta safnað stuðningi fólks smátt og smátt eftir því sem fleiri fréttu af þeim og kynna sér þau. Þannig þróast þau enn frekar áfram þar til stuðningurinn nær mörkum þröskuldsins. Nákvæmar reglur um þessar atkvæðagreiðslur yrði þó að móta smátt og smátt eftir því sem reynsla kemst á hlutina og gæti til dæmis eitt nefndavinnuumhverfið verið stöðugt starfandi til þess að endurskoða reglur sem þessar. Þegar að lágmarkinu væri hins vegar náð mundi niðurstaðan vera afgreidd af Hugveitunni. Þaðan færi niðurstaðan svo á viðeigandi stað í stjórnsýslunni. Ef um tillögu að einhverju er að ræða færi niðurstaðan til endanlegrar ákvarðanatöku hjá því ákvörðunarvaldi sem að með málið færi en ef um rannsóknarskýrslu eða eitthvað slíkt væri að ræða væri hún lögð inn á ákveðið skráasvæði á Hugveitunni og send til upplýsingar á þá aðila sem málið varðaði. Á því skráasvæði gætu einnig verið settar inn allar skýrslur sem verða til í stjórnsýslunni eða fyrir hana auk fræðigreina ýmissa háskólastofnana og fræðitímarita. Þessar niðurstöður, skýrslur og greinar gætu svo orðið fyrsta skrefið að nýju ferli gegnum Hugveituna; kveikjan að einu eða fleiri verkefnum sem unnin væru þar.

6.2.2 Fyrirspurnir

Næsta ferli snýr að því að geta kallað eftir upplýsingum úr stjórnkerfinu. Rétt eins og þingmenn geta komið með fyrirspurnir til ráðherra þá gæti almenningur sameinast um að senda fyrirspurnir til þingmanna, ráðherra og fleiri aðila í stjórnsýslunni. Þingmönnum, ráðherrum og e.t.v. öðrum toppum í stjórnsýslunni bæri skylda til að svara þeim fyrirspurnum sem þeim bærust en á móti kæmi að almenningi væri gert að sameinast um spurningar og ákveða sýn á milli hvað sé brýnast að fá svör við. Það væri einfaldlega gert með atkvæðagreiðslu sem stöðugt stæði yfir. Hver og einn gæti gefið spurningum mikilvægi samkvæmt sínu áliti og samanlagt kæmi svo forgangsörð eins og þátttakendur Hugveitunnar litu á málið. Af þeim lista væri fyrirspurnum svo svarað samkvæmt ákveðnum reglum.

Allir gætu komið með hugmynd að spurningu á Hugveitunni og rökstutt hvers vegna rétt væri að fá svör við tilteknu atriði frá þeim aðila sem spurningin beindist að. Aðrir gætu svo lýst yfir áhuga sínum á að fá svar einmitt við þeirri spurningu. Með nógu miklum yfirlýstum áhuga bærst hún svo inn á borð til þess aðila sem hún

beindist að og innan ákveðins tíma þyrfti að vera komið skriflegt svar frá honum inn á Hugveituna.

Meðan verið er að safna fólki á bakvið spurninguna getur texti hennar slípast til og jafnvel gæti breyst á hvaða aðila hún er send ef að hugmyndir koma fram um það. Þannig mundi samanlögð þekking þeirra sem að fyrirspurninni standa hjálpa til við að koma henni á réttan stað í stjórnsýslunni þó svo að hver og einn einstaklingur þekki kerfið ekki endilega í þaula. Fyrirspurnir gætu til að mynda orðið til sem niðurstaða almennra umræðna á Hugveitunni, eða í raun á öllum stigum virkjunar hugmynda. Við fullvinnslu verkefna gæti oft komið upp sú staða að kalla þurfi eftir upplýsingum frá ráðherra eða öðrum og þá væri þetta ein leið til þess. Fyrirspurnir væru þó alveg sjálfstæðar og þyrftu ekki að koma út úr neinni umræðu, þó svo að það geti aukið möguleikana á því að þær nái alla leið.

Allar fyrirspurnir þingmanna færu einnig inn í þetta sama form þó svo að þær mundu ekki lúta sömu skilyrðum. Aðalmálið er að hægt væri að lesa á einum stað allar fyrirspurnir til ráðherra sama hvort þær kæmu af Hugveitunni eða Alþingi. Á sama stað væri einnig hægt að sjá allar ósvaraðar fyrirspurnir og einnig þær sem að kepptust um að komast næstar að af Hugveitunni. Í reynd væri þó um tvær biðraðir að ræða sem að ekki hefðu áhrif hvor á aðra. Fyrirspurnir þingmanna mundu ganga fyrir sig eins og í dag en til viðbótar gætu komið nokkrar af Hugveitunni eftir þeim reglum sem um það mundu gilda. Þegar svar bærst væri svo opið fyrir að bæta við athugasemdum og það væri þeim sem sæti fyrir svörum í sjálfs vald sett hvort hann bætti einhverju við í framhaldi af þeim, en ef að ítrekunarspurning skapaðist út úr athugasemdunum og næði svo fram að ganga yrði viðkomandi að sjálfsögðu að bæta einhverju við eða skýra betur.

6.3 Persónuvernd, öryggismál og aðgengi Hugveitunnar

Á jafn opnum opinberum vettvangi og Hugveitunni er ætlað að vera, geta komið upp allskyns álitamál varðandi persónuvernd og öryggismál. Passa þarf uppá að ekki sé hægt að nýta sér gögn um einstaka notendur í annarlegum tilgangi en um leið þurfa ýmsar upplýsingar að vera mjög aðgengilegar. Það þarf til dæmis að liggja fyrir hver segir hvað og hvenær því að þetta eru jú samræður raunverulegs fólks um alvöru málefni og engin ástæða til að menn leynist frekar en þegar fólk mætist maður á mann á fundum og ráðstefnum.

Það sem ekki síður er mikilvægt er að enginn geti talað í annars nafni. Það ætti ekki að vera vandamál í dag því að öryggið inn á Hugveituna gæti algerlega fylgt öryggiskröfum sem gerðar eru á vefgáttum bankanna. Aldrei væri heldur neitt svo afdrifaríkt hægt að gera þrátt fyrir stolið auðkenni. Það alvarlegasta – fyrir utan að láta meiðyrði falla – væri kannski að færa hugmynd einu skrefi nær því að komast uppá næsta stig. Öll skrifleg innlegg og slíkt gætu verið vel sýnileg á heimasvæði notandans og því auðvelt fyrir hann að leiðrétta ef einhver vitleysa væri sögð í hans nafni. Af gagnsæisástæðum væri þó ekki hægt að eyða hlutum algerlega út heldur aðeins fela þá með því að skipta þeim út fyrir ástæðu þess að hluturinn sé horfinn. Hvað stóð væri þá hægt að fletta upp áfram en jafnframt gefin skýring á að það hafi verið tekið út. Svona saga yfir færslur er til að mynda einn af þeim eiginleikum sem Wikipedia notar til þess að verjast því að færslur séu skemmdar þrátt fyrir að öllum sé heimilt að breyta. Hér er þetta þó meira spurning um að ekki sé hægt að endurskrifa söguna eða halda niðri ákveðnum skoðunum. Forritið biði einfaldlega engum uppá að eyða alveg, ekki einu sinni stjórnvöldum og stjórnendum tölvukerfisins. Reyndar þyrfti að halda því opnu að dómstólar geti fengið meiðyrðum og slíku eytt, jafnvel tímabundið um leið og mál hefur verið kært. Þetta er því að einhverju leyti óleyst mál en meginstefnan þó ljós; að orð sem látin hafa verið falla sé ekki hægt að draga til baka nema með sér leiðréttingu sem eyðir ekki fyrri færslu alveg út úr kerfinu.

Þar sem Hugveitan á að vera aðgengileg öllum er mjög mikilvægt að hugað sé að því við hönnun hennar og tekið tillit til allra, s.s. blindra og sjónskertra samkvæmt þeim stöðlum sem skilgreindir hafa verið.⁵⁶ Fleiri stöðlum þarf að fylgja því þó svo að Internet Explorer og Windows stýrikerfið sé útbreiddast þá má ekki gera þeim sem ekki hafa slík kerfi erfiðara fyrir. Að þessu þarf að huga við hönnun síðunnar með því að passa uppá að stöðlum sé fylgt og að virkni hennar sé prófuð fyrir allar tegundir af stýrikerfum og vöfrum sem að fólk kys að nýta sér.

Svo þarf að huga að aðgangi landsmanna að nettengingu. Þó svo að góðar tengingar hafi verið í boði á höfuðborgarsvæðinu nú um nokkurra ára skeið þá hefur þróunin á landsbyggðinni verið nokkuð á eftir. Góð nettenging allra landsmanna er afar mikilvæg til þess að allir sitji við sama borð á Hugveitunni. Þetta ætti þó ekki að vera vandamál til þess að hafa áhyggjur af því að samgönguáætlun 2005 – 2010 gerir ráð fyrir að árið 2007 geti allir landsmenn sem þess óska haft aðgang að

⁵⁶ WAI Guidelines and Techniques. (e.d.).

háhraðatengingu.⁵⁷ Hugveitan yrði bara enn frekari ástæða til þess að hafa þessa hluti í lagi allsstaðar.

Til viðbótar við þetta þarf svo að taka tillit til þeirra sem ekki eiga tölvu eða kunna ekkert á tölvur og treysta sér ekki til þess að læra á þær. Þeim má ekki gleyma og þó svo að erfitt sé að láta þá sitja við sama borð og aðra þá má í einhverju tilliti reyna að koma til móts við þá. Fyrir þá sem eiga ekki tölvur gætu sveitarfélög látið tölvur liggja frammi og hleypt fólki endurgjaldslaust í þær til þess að vinna á Hugveitunni. Þar að auki mætti gera samning við netkaffihús og banka sem að hafa tölvur frammi um að tryggt sé að allir geti notað þær tölvur sem þessir aðilar bjóða uppá endurgjaldslaust til vinnu á Hugveitunni. Fyrir þá sem ekki geta nýtt sér tölvur, t.d. vegna kunnáttuleysis eða fötlunar, gætu skrifstofur sveitarfélaganna haft það hlutverk að færa inn hluti sem það fólk óskaði. Það gæti þá komið hugmyndum sínum og óskum á framfæri þó svo að möguleikinn á gagnvirkni væri mjög skertur.

Þetta eru kannski ekki atriði til þess að huga að á fyrstu stigum þróunar kerfisins en þar sem lýðræðissamfélagið á að meta þátttöku allra borgaranna jafnt þá er þetta hlutur sem má alls ekki gleymast eða sitja á hakanum.

⁵⁷ Fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005-2010. (2005).

Hluti III:
Hugveitan og
lýðræðissamfélagið

7 Afleiðingar og frekari breytingar

Þó svo að Hugveitan sé hrein viðbót við núverandi stjórnkerfi og öllum verði frjálst að nota hana eða nota ekki þá tel ég ýmislegt benda til þess að hún geti haft töluverðar samfélagslegar breytingar í för með sér. Þar er ég að tala um breytingar á vinnulagi fjölmiðla, breytingar í starfsemi stjórnmalaflokka, breytingar á vinnulagi Alþingis, framsetningu opinberra upplýsinga, en ekki hvað síst breytingar á viðhorfi fólks til ríkisvaldsins. Samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup síðan í febrúar 2007 nýtur Alþingi trausts 29% þjóðarinnar, og er lægst meðal þeirra átta stofnana sem spurt var um, meðan Háskóli Íslands nýtur traust 85% þjóðarinnar og er hæstur.⁵⁸ Þrátt fyrir að Alþingi þurfi eðlilega oft að fjalla um erfið og umdeild mál, og í ljósi þess að um eða yfir helmingur kjósenda ætti að hafa stutt stjórnarflokkana á hverjum tíma til forystu, má velta fyrir sér hvort þetta er ekki eitthvað lægri tala en ásættanlegt getur talist. Það er til dæmis ekkert því til fyrirstöðu að menn beri traust til stofnunarinnar þrátt fyrir að þeirra flokkur hafi lent í stjórnarandstöðu ef að menn líta svo á að það hafi gerst með lýðræðislegum hætti og vinnubrögð þingsins séu lýðræðisleg. Eitt er víst að þetta hlutfall er merki um það að veruleg tækifæri eru til að gera betur, aðeins spurning um leiðir. Leið Hugveitunnar, þar sem almenningur tæki meiri þátt í undirbúningi mála og ákvarðanaferli þeirra, ætti að geta virkað mjög sterkt í þá átt að auka traust á Alþingi. Slík þátttaka krefðist að sjálfsögðu góðs aðgangs að upplýsingum og gagnsæi í öllu starfi en við slíkar aðstæður þrífst vantraust síður. Þá vita menn bara hvort að hlutirnir eru í lagi eða ekki og geta ráðfært sig við aðra og gripið til ráðstafana ef einhvers staðar er pottur brotinn. Fjarlægðin getur hins vegar skapað tortryggni vegna þess að fólk viti ekki almennilega hvað á sér stað inni á Alþingi og hvað liggur að baki ákvörðunum þess.

Í ljósi stöðu Hugveitunnar sem opinbers umræðuvettvangs gæti hún orðið töluverð uppspretta efnis fyrir fjölmiðla. Það mundi nýtast fólki að fá fréttir af hápunktunum þar meðfram öðrum fréttum til þess að auðvelda því að sinna þeirri fjöldapátttöku sem að vinnuferli Hugveitunnar gera ráð fyrir. Starf ýmissa samtaka sem sinna hagsmunamálum ákveðinna hópa mun að öllum líkindum flytjast töluvert inn á Hugveituna og vera þar fyrir opnum tjöldum á stað sem að fylgst er með og rödd þeirra heyrist. Af þeim sökum mun alltaf verða einhver virkni þó svo að þorri landsmanna verði ekki daglegur gestur þar eða setji þar inn efni nema endrum og eins.

⁵⁸ Capacent. (2007).

Þar sem fólk hefur takmarkaðan tíma meðfram fullum vinnudegi gæti vel farið svo að starf félagasamtaka, sem stofnuð eru um einn málaflokk, eða stjórn málaflokka, með heilðræna stefnu eða lífsýn, mundi eflast mjög. Flokkarnir gætu látið stefnu sína koma enn skýrar fram með því að tala fyrir henni með rökstuðningi og birta hana í vinnuframlagi starfsmanna sinna á Hugveitunni jafnt og þétt allan ársins hring. Slík vinnubrögð gætu bætt tengslin við almenning mikið og unnið traust fólksins. Vegna takmarkaðs tíma síns sæi fólk það svo sem góðan kost að styrkja stjórn málaflokka og önnur samtök í ríkari mæli til vinnu fyrir sig ef það er sammála stefnu þeirra og vinnubrögðum. Það væri þá leið fjöldans til þess að gæta sinna hagsmuna og efla vinnu að sinni lífsýn. Það væri einnig mótvægi við þann möguleika að einstaka menn og fyrirtæki munu geta séð sér fært, og séð sér hag í því, að ráða fólk á fullum launum til þess að vinna fyrir sig á Hugveitunni. Sú skekkja sem svona launuð störf gætu valdið ætti síður að koma að sök ef tryggt er að fólk kæmist ekki hjá því að setja alla sína vinnu inn undir eigin nafni. Þá er ekki möguleiki fyrir neinn að skýla sér á bakvið það að hann hafi verið í vinnu ákveðins fyrirtækis eða forsvari ákveðinna samtaka, heldur þarf starf hans á Hugveitunni og hans eigin sannfæring að fara saman nema að hann taki skýrt fram fyrir hönd hverra hann tali hverju sinni, en þá er líka fullt gagnsæi.

Þrátt fyrir að megnið af þeirri stöðugu vinnu sem fram færi á Hugveitunni væru með einhverjum hætti launuð störf væri vettvangurinn mjög opinn fyrir öllum og með hönnun þeirra síá sem mál þurfa að fara í gegnum til þess að komast í framkvæmd væri tryggt að stór hluti almennings þyrfti að fylgjast með að einhverju leyti. Takist að hafa hana aðlaðandi og einfalda má búast við framförum í miklum fjölda smámála sem að til samans bæta umhverfi fólks til mikilla muna. Hér er ég að hugsa um fólk sem að rekur sig á í kerfinu eða sér að eitthvað má betur fara í umhverfi sínu. Það lýsir þá reynslu sinni á Hugveitunni eða kemur með breytingartillögur sem að síðan geta endað fyrir þingi eða sveitarstjórnnum, eða sem formlegar ábendingar til stofnana. Starfsmenn ríkisfyrirtækja og stofnana sem þekkja kerfið út og inn og vita hverju þarf að breyta geta einnig komið því á framfæri við almenning og fá það hljómgrunn þar þá eru málin kláruð og þeim breytt. Með þessum hætti gætu orðið stórar breytingar á málum sem hafa virkilega þýðingu en eru þó ekki það stór eða þess eðlis að þau verði nokkurn tíma að kosningamáli. Þessu til viðbótar er svo allt sem tengist nýsköpun. Búast má við að á vettvangi sem þessum komi fram mikið af hugmyndum til nýsköpunar. Þetta gæti verið vettvangurinn til þess að fá

betur fram í dagsljósið þetta „eitthvað annað“ sem oft hefur verið stillt upp sem valkosti við virkjanamál – hvort sem það er nú frekar af virkjanaandstæðingum eða virkjanasinum – en margir telja að ekki hafi komið nógu skýrt fram hvað í því felst. Nýstofnuð Nýsköpunarmiðstöð gæti til að mynda notað Hugveituna sem vettvang fyrir fyrirhugaðan „[...] hring frumkvöðla úr atvinnulífinu kringum miðstöðina og enn stærri hring af háskólanemum og fólki í iðn- og framhaldsnámi“ eins og haft er eftir Þorsteini Inga Sigfússyni forstöðumanni hennar að standi til.⁵⁹ Með því móti mætti í raun segja að þriðji og stærsti hringurinn, hringur alls almennings, væri stofnaður kringum miðstöðina.

Hvað Alþingi og ríkisstjórn varðar gæti samning frumvarpa að miklu leyti færst inn á Hugveituna. Með því móti væri allt unnið fyrir opnum tjöldum, sem svo aftur ætti að auka traust fólks á stjórnvöldum. Verkefni sem fyrir þingið koma, svo sem vegna alþjóðasamninga sem uppfylla þarf með útfærslu í íslenskum lögum, mætti svo færa beint inn á fyrsta stig Hugveitunnar sem viðfangsefni. Þannig gæti fólk fylgst með hvaða kröfur alþjóðasamningar eru að gera á íslenska ríkið og komið með tillögu að útfærslu ef að því er að skipta. Þannig geta stjórnvöld nýtt sér Hugveituna sem hugmyndabanka með því að stofna tímanlega þau viðfangsefni sem fyrir séð er að uppmuni koma og hvetja svo áhugasama til þess að kynna sér málin og koma með hugmyndir. Stöku mál gætu þá jafnvel verið að mestu kláruð þegar þau annars kæmust á dagskrá stjórnkerfisins. Eða hvers vegna skyldi fólk síður vinna að uppbyggingu lagasafns heldur en alfræðiorðabókar eins og Wikipedia? Heilt yfir væri engin ástæða til þess að ætla að þannig væri það þó svo að hver einstaklingur hafi kannski bara áhuga á öðru eða hvorugu.

Ferli fyrir innsendar greinar í blöð gæti einnig breyst. Margt af því sem birt er sem innsendar greinar í dag ætti vel heima sem lýsing á viðfangsefni eða tillaga að lausn inni á Hugveitunni. Þegar hún væri orðinn sá vettvangur þar sem mál geta ferðast stig af stigi og endað sem úrlausn mála inni á borði ráðamanna mætti ímynda sér að þar væru greinarnar einmitt birtar. Að birta þær í blöðum mundi þó engan veginn missa gildi sitt og gætu greinar því með auðveldum hætti birst samdægurs á Hugveitunni og í einhverju blaðanna, t.d. með því að hægt væri að haka við beiðni um slíkt og birtingu á Hugveitunni væri þá frestað sjálfvirkt eins og þyrfti. Þar að auki

⁵⁹ Morgunblaðið. (2007).

gæti Hugveitan verið banki fyrir blöð að sækja áhugaverðar greinar í, rétt eins og nú eru stundum birt brot úr bloggi.

Þegar fólk fer að taka meiri þátt í að semja frumvörp og leysa stór og smá mál í samfélaginu er líklegt að það reki sig til að byrja með á veggum og komist að því að upplýsingar sem það þarf á að halda séu hvergi eða illa aðgengilegar. Svoleiðis ætti þó ekki að stoppa fólk heldur vera því tilefni til þess að stofna nýtt viðfangsefni eða tillögu sem miðaði að því að gera þær upplýsingar sem fólk þarf að nota aðgengilegar til frambúðar. Þetta gæti leitt til þess að fyrstu málin á Hugveitunni muni einmitt að stórum hluta snúast um aðgang að upplýsingum. Þegar aðgengi að upplýsingum er orðið gott er svo ekkert óhugsandi að á Hugveitunni verði hægt að vinna að málum á borð við fjárlagagerð, að minnsta kosti að einhverjum hluta. Þá mætti jafnvel sjá fyrir sér fleiri en eitt slíkt verkefni sem til að byrja með keppti um hylli almennings – og nyti hugmynda, reynslu og þekkingar fólks allsstaðar að úr þjóðfélaginu – en mundi svo að lokum enda í samkeppni um hylli Alþingis og fá rökstudda umsögn þar.

8 Niðurstöður

Í ritgerð þessari hefur verið vakið máls á ýmsum málum tengdum uppbyggingu stjórnkerfa með sérstakri hliðsjón af því íslenska. Lagt var upp með að svara spurningunni: Hvernig má bæta stjórnkerfi Íslands og virkja almenning til ábyrgðar og stöðugrar þátttöku í stjórn landsins?

Fyrsta atriðið sem ég nefni er grundvallaratriði sem bæta þarf úr en er þó ekki stórt í sniðum. Treysta þarf grunninn undir lýðræðinu á Íslandi með því að uppfylla það frumskilyrði lýðræðis að stjórnarskráin sé undir beinni stjórn almennings. Þá verður með sanni hægt að kalla stjórnkerfi Íslands lýðræði, en ekki einungis hægt að gefa því þá einkunn að vera lýðræðislegt stjórnkerfi.

Kjarni þeirrar hugmyndar sem hér er sett fram um bætt stjórnkerfi snýst um vefhugbúnað sem ég nefni Hugveituna. Við hönnun hennar er tekið á ýmsum álitamálum sem upp koma við hönnun lýðræðislegs stjórnkerfis.

Huga þarf að því að stjórnkerfi í lýðræðisríki sé hannað á forsendum almennings og fyrir hann. Hugveitan gæti orðið að vettvangi sem tryggir almenningi tækifæri til þess að virkja ríkisvaldið enn betur sem sinn samstarfsvettvang og tryggja að tillit sé tekið til hagsmuna allra. Hún er vettvangur þar sem allir gætu látið rödd sína heyrast og allir gætu gengið að honum vísu til þess að heyra mismunandi

sjónarmið. Skrif á Hugveituna væru því ekki skrif fyrir skúffuna heldur markviss leið til að hafa áhrif í Lýðræðissamfélagi.

Á Íslandi er fólk í auknum mæli farið að leita nýrra leiða til þátttöku í ákvörðunum samfélagsins. Þátttakan beinist í auknum mæli að einstökum málum frekar en heildrænum lausnum. Mótmælaaðgerðir og undirskriftalistar eru form sem að henta ekki öllum og því þörf fyrir að markvissari leiðir séu til staðar. Reynsla úr öðrum geirum samfélagsins bendir til þess að nýta megi internetið sem vettvang fyrir slíkar lausnir. Hugveitan gæti einmitt verið sú leið sem uppá vantar. Hún gæti þjónað sem vettvangur til þess að tengja betur saman almenning og stjórnvöld – og samfélagið í heild sinni innbyrðis – í því augnamiði að skapa og skerpa reglur og bæta ákvörðunarferlin á öllum stigum stjórnkerfisins.

Helsti hvatinn fyrir fólk til þess að nýta Hugveituna er sá að þar yrði raunhæfur möguleiki á að vinna hugðarefnum sínum brautargengi eftir skilvirkum leiðum. Þar yrði einnig raunhæfur möguleiki á að koma málum á dagskrá í samfélaginu og koma þeim alla leið inn á borð ráðamanna á forsendum hugmyndanna sjálfra og án þess að við það blandist alls kyns ótengdir hagsmunir, því að kerfið er byggt utanum einstakar hugmyndir, stórar og smáar. Umfram allt er vettvangurinn sjálfur undir stjórn almennings eins og samfélagið allt á að vera og því hægt að þróa hann enn frekar áfram til þess að mæta þörfum almennings.

Með Hugveitunni væri engin áhætta tekin því að hún er hugsuð sem hrein viðbót við stjórnkerfið og þar eru engar endanlegar ákvarðanir teknar. Allt getur gengið eins með og án hennar, en í henni felast tækifæri. Hún getur orðið öflugur hugmyndabanki fyrir ríki, sveitarfélög og allan almenning. Hún getur einnig orðið vettvangur til þess að setta sjónarmið því að þar mun fólk nýta sína þekkingu og reynslu til þess að styðja sín sjónarmið og um leið upplýsa hvert annað. Reynslan af tilraunum með rökræðukannanir hefur sýnt fram á gildi þess að fólk kynni sér mál og rökræði þau. Það hefur sýnt sig að slík upplýst umræða leiðir oft og tíðum til þess að viðhorf og forgangs röðun breytist.

Af því sem hér hefur verið sagt má ljóst vera að Hugveitan er lykilatriðið í því sem ég legg til að bætt verði í stjórnkerfi Íslands. Hugveitan er sá þáttur sem ýtir undir virkni almennings því að hún veitir fólki raunhæf tækifæri á að sú vinna sem menn leggja á sig skili sér vel. Það byggir á því að hún verður mjög aðgengileg og þar verður búist við að fólk tjái sig hafi það eitthvað til málanna að leggja varðandi samfélagsmál. Hugveitan yrði öllum opin, alltaf, og því hægt að ganga að henni vísri

eftir því sem hugmyndir kvikna og viðfangsefni koma upp í samfélaginu. Þar ætti því að geta orðið stöðug virkni og hver einstaklingur sem áhuga hefur á samfélagsmálum gæti séð sér ástæðu til þess að fara nokkuð reglulega þangað inn. Allt þetta byggir þó á því að inni á Hugveitunni skapist ábyrg umræðuhefð. Það sem stuðla á að því er sér í lagi þrennt. Það fyrsta er að enginn tjái sig öðruvísi en að nafn hans komi fram. Annað er að allt sem sett væri inn á Hugveituna yrði geymt þannig að aðgengilegt sé aftur í tímann hvað hver sagði og hvenær. Það þriðja væri svo að til þess að mál af Hugveitunni komist alla leið í framkvæmd mun fólk þurfa að byggja rökstuðning sem að leggur grunninn að ákvörðun þeirra aðila í stjórnkerfinu sem að með endanlegt ákvörðunarvald fara. Þeir munu þurfa að rökstyðja sína afstöðu og því er komnir gagnkvæmir hagsmunir af því að málin séu vel rökstudd og skýr.

9 Lokaorð

Við upphaf þessa verkefnis hafði ég stórar hugmyndir um allt það sem koma mætti að í ritgerðinni, alla þá fjölmörgu hluti sem ég gat séð að bæta mætti í íslenska stjórnkerfinu. Þegar á leið vinnuna og ég áttaði mig á að tíminn var ekki endalaus fyrir þetta verkefni frekar en önnur, þá smátt og smátt fór ég að skera í burtu atriði sem að ég sá að minna máli skiptu og enginn tími yrði til að kryfja. Allur sá niðurskurður misjafnlega smávægilegra hluta er ég viss um að var til mikilla bóta því að það sem eftir stendur er að mínu mati grunnurinn að öllu öðru. Ég lít svo á að Hugveitan geti orðið lifandi hluti af samfélaginu og þróast og þroskast með því. Hún getur vaxið og dafnað eftir því sem áhugasamir byggja við hana og fá samþykktar frá sér uppfærslur og viðbætur. Þetta er vel þekkt fyrirbæri úr hugbúnaðargeiranum og með virkni Hugveitunnar sjálfrar getur þetta yfirfærst á samfélagið allt. Hún er því fyrsta skrefið í að byggja upp lifandi lýðræðissamfélag.

Fyrst og fremst er Hugveitan verkfæri. Hún tengist engri pólitískri stefnu og er bæði óháð því hverjir gegna embættum í samfélaginu og óháð því hverjir á henni vinna. Hún er einföld leið sem gefur umræðustjórnámálamönnum vettvang, athafnastjórnámálamönnum tilbúna lausnir og þjóðinni tækifæri til að vera með. Nú er boltinn hjá þér.

Heimildaskrá

Capacent. (2007, 2. mars). *Alþingi og dómskerfið njóta minnsts trausts*. Sótt 1. ágúst 2007 frá Capacent: <http://www.capacent.is/?PageID=556&NewsID=723>

Citizens Jury Process. (e.d.). Sótt 05. 08 2007 frá Jefferson Center: http://www.jefferson-center.org/index.asp?Type=B_BASIC&SEC={2BD10C3C-90AF-438C-B04F-88682B6393BE}

Cohen, J. (1997). *Deliberation and Democratic Legitimacy*. Í J. Bohman, & R. William, *Deliberative Democracy, Essays on Reason and Politics* (bls. 67-92). Cambridge Mass.: The MIT Press.

Elster, J. (1998). *Deliberative Democracy*. Cambridge: Cambridge University Press.

Elstub, S. (2005). *Democracy*. Í I. MacKenzie, *Political Concepts: A reader and guide* (bls. 147-161). Edinburgh: Edinburgh University Press.

Encyclopædia Britannica. (2007). *Wiki*. Sótt 30. júlí 2007 frá Encyclopædia Britannica: <http://www.britannica.com/eb/article-9404276/wiki>

Fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005-2010. (2005, 18. apríl). Sótt 5. ágúst 2007 frá Samgönguráðuneytið: <http://samgonguraduneyti.is/frettir/nr/693>

Hagstofa Íslands. (2007). *Fjármál Hins opinbera*. Sótt 5. ágúst 2007 frá Hagstofa Íslands: <http://www.hagstofan.is/?PageID=755>

Jón Ormur Halldórsson. (2004). Er fulltrúalýðræðið að veslast upp? *Ritið*, 1, bls. 51-79.

Held, D. (1987). *Models of Democracy*. Cambridge: Polity Press.

Held, D. (2006). *Models of Democracy*. Cambridge: Polity Press.

Oddný Helgadóttir. (2007, 22. júlí). Mótmæli til gagns, gamans eða óþurftar? *Morgunblaðið*.

Jacobs, I. (2007, 19. júní). *About W3C*. Sótt 5. ágúst 2007 frá W3c: <http://www.w3.org/Consortium/>

Jefferson Center. (e.d.). *Frequently Asked Questions*. Sótt 05. 08 2007 frá Jefferson Center: http://www.jefferson-center.org/index.asp?Type=B_LIST&SEC={6CED61BD-7490-4594-9B5F-A3D568DAECE7}

Ólafur Páll Jónsson. (2007). *Náttúra, vald og verðmæti*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ólafur Páll Jónsson. (2003). Prútt rök og réttæti. *Ritið*, (1), 33-43.

Gunnar Helgi Kristinsson. (1994). *Embættismenn og stjórnámálamenn: Skipulag og vinnubrögð í íslenskri stjórnarsýslu*. Reykjavík: Háskólaforlag Máls og menningar.

- Gunnar Helgi Kristinsson. (2006). *Íslenska Stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2005). Local Democracy and the Public Service. *Stjórnsmál og stjórnsýsla* (1), bls. 163-190.
- LibriVoxWiki. (2007, 7. ágúst). Sótt 7. ágúst 2007 frá LibriVox:
<http://librivox.org/wiki/moin.cgi/>
- Moody's lánshæfismat. (2007, 26. febrúar). Sótt 05. 08 2007 frá Glitnir:Fréttir:
<http://www.glitnir.is/UmGlitni/Frettir/Default.aspx?ItemId=999>
- Morgunblaðið. (2007, 2. ágúst). Nýsköpunarmiðstöð þjónar öllu landinu.
Morgunblaðið, bls. 4.
- OpenOffice.org. (2007, 8. janúar). *About Us*. Sótt 5. ágúst 2007 frá OpenOffice.org:
<http://about.openoffice.org/index.html>
- Rio Tinto. (2007). *Annual results 2006 - Rio Tinto posts another record*. Sótt 5. ágúst 2007 frá Rio Tinto: http://www.riotinto.com/investors/219_features_5172.asp
- Saward, M. (2003). *Democracy*. Cambridge: Polity Press.
- Björn S. Stefánsson. (2003). *Lýðræði með raðvali og sjóðvali*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stromberg, R. N. (1994). *European Intellectual History Since 1789* (6. útg.). NJ: Prentice Hall.
- Vísir. (2007, 13. júlí). *Rio Tinto kaupir Alcan*. Sótt 5. ágúst 2007 frá Vísir:
<http://www.visir.is/article/20070713/VIDSKIPTI07/107130098&SearchID=73289382464425>
- WAI Guidelines and Techniques. (e.d.). Sótt 5. ágúst 2007 frá W3C Web Accessibility initiative: <http://www.w3.org/WAI/guid-tech.html>
- Wakeford, T. (2002, sumar). Citizens Juries: a radical alternative for social research. *Social Research Update* (37).
- Ware, A. (1996). *Political Parties and Party Systems*. Oxford: Oxford University Press.
- Wikipedia. (e.d.). *Help: Merging and moving pages*. Sótt 30. júlí 2007 frá Wikipedia, The Free Encyclopedia:
http://en.wikipedia.org/wiki/Wikipedia:Merging_and_moving_pages



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY